

Milli mála

Milli mála

Tímarit um erlend
tungumál og menningu

16. ÁRGANGUR

Ritstjórar
Geir Þórarinn Þórarinsson
Þórhildur Oddsdóttir



STOFNUN
VIGDÍSAR FINNBOGADÓTTUR
Í ERLENDUM TUNGUMÁLUM

*Styrktarsjóði SVF er þakkaður
stuðningur við útgáfu tímaritsins*

*Milli mála er ritrynt tímarit
og er ritrynum þakkað þeirra framlag*

Háskólaútgáfan
Reykjavík 2024

© Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum og höfundar/þýðendur efnis.

Umbrot: Valgerður Jónasdóttir
Hönnun kápu: Ragnar Helgi Ólafsson
Prentun: Litlaprent ehf.

Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti,
svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun
eða á annan sambærilegan hátt, að hluta
eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

U201404
ISBN 978-9935-23-026-3

Efni

Frá ritstjórum	7
--------------------------	---

RITRÝNDAR GREINAR

<i>Ásdís Rósa Magnúsdóttir og Guðrún Kristinsdóttir</i> Franski farsinn á Íslandi: París-Eyjafjörður með viðkomu á West End	11
---	----

<i>Hólmfríður Garðarsdóttir</i> Úr brunnum gleymskunnar: Skrif miðamerískra kvenna á fyrri hluta 20. aldar.	37
---	----

<i>Ingibjörg Ágústsdóttir</i> <i>From Colonialism to Climate Crisis: Polar Bears in</i> <i>the Fiction of James Hogg, Helen McClory and Vicki Jarrett</i>	62
---	----

<i>Jacob Ølgaard Nyboe</i> <i>Gennem umulighedsportalen. Om neologismer</i> <i>i poesien belyst ved Marianne Larsens</i> <i>Umulighedsportal i ubestemt engangslæs</i>	97
---	----

<i>Marion Lerner</i> <i>Sigurd der Bootsführer</i> von Gestur Pálsson an deutschen Gestaden. Die Übersetzungen von Margarethe Lehmann-Filhés und Carl Küchler	117
--	-----

ÞÝÐINGAR

<i>Hjörleifur Jónsson</i> Um Jidanan Luangphiansamut og söguna Heimsk eiginkona ungs rithöfundar.	153
---	-----

<i>Jidanan Luangphiansamut</i>	
Heimsk eiginkona ungs rithöfundar	155
<i>Hólmfríður Garðarsdóttir</i>	
Konur frá Paragvæ hafa orðið – Um höfunda tveggja smásagna	162
<i>María Concepción Leyes de Chaves</i>	
Saga dóttur Francia	166
<i>Renée Ferrer de Arréllaga</i>	
Hnykillinn	172
Höfundar, þýðendur og ritstjórar.	178

Frá ritstjórum

Þriðja árið í röð koma út tvö hefti af ritinu *Milli mála – tímarit um erlend tungumál og menningu*. Bæði hefti ársins koma út í desember. Sérheftið er helgað smásögum, örsögum og öðrum stuttum textum. Gestaritstjórar eru Kristín Guðrún Jónsdóttir og Ásdís Rósa Magnúsdóttir. Sérhefti næsta árs verður helgað orðasambandafræði og ætlað að gefa yfirlit yfir orðasambandafræði frá ýmsum sjónarhornum s.s. í þýðingum, í kennslu og í samanburðarrannsóknum. Gestaritstjórar verða Erla Erlendsdóttir og Oddný G. Sverrisdóttir.

Heftið sem hér birtist er annað hefti 16. árgangs. Að þessu sinni birtum við fimm ritrýndar greinar um leikhúsmenningu, bókmenntir og þýðingar. Auk þess má finna þrjár þýddar smásögur frá Paragvæ og Tælandi ásamt kynningu á höfundum þeirra.

Tvær fyrstu greinarnar eru á íslensku. Í fyrstu greininni fjalla þær Ásdís Rósa Magnúsdóttir og Guðrún Kristinsdóttir um franska farsann, uppruna hans og hefðir honum tengdar, staðfærslu og viðtökum hans og þróun í íslenskum leikhúsum.

Hólmfríður Garðarsdóttir fjallar um skáldskaparskrif mið-amerískra kvenna á fyrri hluta 20. aldar. Skoðað er hvernig umgjörð framúrstefnunnar opnaði konum dyr til að komast inn á svið bókmenntanna þar sem þær beina gjarnan sjónum að hlutverki og stöðu kvenna í skrifum sínum.

Ingibjörg Ágústsdóttir skrifar á ensku um þrjú skosk bókmenntaverk, sem öll eiga sögu svið á norðurslóðum og fjalla um ísbirni. Greining verkanna sýnir endurspeglun tveggja ólíkra stiga í samskiptum okkar við norðurslóðir og breytingar á viðhorfum evrópskra þjóða til mannvistar og umhverfisbreytinga.

Jacob Ølgaard Nyboe fjallar á dönsku um nýsköpun orðaforða í ljóðagerð, nýyrði og nýja merkingu orða, og sækir þar í smiðju Marianne Larsen um gátt ómöguleikans. Sýnt er hvernig nýyrðin

eru nátengd spennu milli dystópíu og útópíu auk þess sem flokkun á mismunandi gerðum nýyrða þjónar sem fræðilegur rammi.

Marion Lerner skrifar á þýsku og fjallar um fimm mismunandi þýðingar á smásögu eftir Gest Pálsson sem hluta af rannsóknum sínum á þýðingum íslenskra smásagna yfir á þýsku í kringum aldamótin 1900. Hún greinir einkenni þýðinganna og þýðingaraðferðir. Enn fremur gerir hún grein fyrir þeim miðlum sem birtu sögurnar.

Hjörleifur Jónsson þýðir smásögu úr tælensku eftir Jidanan Luangphiansamut, margverðlaunaðan höfund. Sagan er skrifuð sem frásögn „heimskrar eiginkonu ungs rithöfundar“ og er þar ekki allt sem sýnist. Stutt kynning á höfundi fylgir.

Hólmfríður Garðarsdóttir skrifar formála að þýðingum sínum þar sem hún kynnir stöðu og umhverfi kvenna í Paragvæ til skáldskaparskrifa. Sögurnar tvær eru *Saga dóttur Francia* eftir Maria Concepción Leyes og *Hnykillinn* eftir Renée Ferrer. Fjalla þær báðar um örlög kvenna í ólíkum aðstæðum.

Ritstjórar kunna höfundum bestu þakkir fyrir ánægjulegt samstarf. Enn fremur eiga prófarkalesarar, Gísli Magnússon, Júlían Meldon D’Arcy, Sigríður Harðardóttir og Stefanie Bade þakkir skildar. Og síðast en ekki síst ber að þakka ónafngreindum ritrýnum fyrir mikilsvert framlag.

*Geir Þórarinn Þórarinsson
Þórbildur Oddsdóttir*

Ritrýndar greinar

Franski farsinn á Íslandi: París-Eyjafjörður með viðkomu á West End

Franskir gamanleikir og skopleikir – *comédie, farce, vaudeville, comédie de boulevard* – hafa notið mikilla vinsælda á Íslandi í gegnum árin og verið settir upp bæði af atvinnuleikhúsum og áhugaleikhópum víða um land.¹ Fyrstu frönsku gamanleikirnir voru leiknir af skólapiltum í danskri þýðingu en á síðari hluta 19. aldar var farið að snúa þeim á íslensku úr dönskum þýðingum.² Þótt allir eigi þeir sér sína sögu og uppruna, má segja að helstu einkenni gamanleikja sé flókinn söguþráður sem endar vel á meðan farsar eru styttri verk sem byggjast á misskilningi og geta verið klúrir. Auk þess hafa farsar ófrávíkjanlega atburðarás, líkt og harmleikir, og innihalda gjarnan atriði þar sem lúskrað er á einni leikpersónunni eða henni refsað á annan hátt. Á nítjándu öld tóku þessar greinar leiklistarinnar að renna saman við forna söngvahefð í einkareknu leikhúsunum í París³ og rötuðu mörg þessara *vaudeville*-leikrita, sem svo nefndust og þannig komu til, á fjalir íslenskra leikhúsa þegar farið var að setja upp erlend leikrit hér á landi.⁴ Þessi verk gáfu skoplega innsýn í líf borgarastéttarinnar og Magnús Þór Þorbergsson hefur sýnt að evrópsku gamanleikirnir hafi verið til þess fallnir að

-
- 1 Rannsóknin er hluti af verkefninu *Frönsku bylgja í íslensku leikhúsi* sem styrkt er af Rannís (217857-051). Greinarhöfundar þakka ritrynum og Sveini Einarssyni fyrir góðar og gagnlegar athugasemdir.
 - 2 Sjá Svein Einarsson, „Helgileikir og herranætur“.
 - 3 Jomaron, *Le Théâtre en France, 2. De la Révolution à nos jours*, 164.
 - 4 Um gamanleikinn í íslensku leiklistarsögu, sjá Svein Einarsson, *Íslensk leiklist I-III*, og Magnús Þór Þorbergsson, *A Stage for the Nation. Nation, Class, Identity and the Shaping of a Theatrical Field in Iceland 1850-1930*, 314–328.

bregða upp mynd af þeirri borgaralegu miðstétt sem þá var að hasla sér völl í íslensku Þjóðfélagi.⁵ Leikfélag Reykjavíkur setti upp franska og þýska gamanleiki á þriðja og fjórða áratugnum, til dæmis skopleiki eftir þá Franz Arnold og Ernst Bach, sem nutu svo mikilla vinsælda meðal íslenskra leikhúshorfenda að Sveinn Einarsson telur þá hafa verið Leikfélagi Reykjavíkur „haldreipi kreppuáranna“⁶ og hefur leikrit þeirra, *Spanskflugan*, margsinnis verið sett upp á Íslandi.⁷

Um og eftir miðja 20. öld er svo farið að þýða leiktexta beint úr frönsku á íslensku þótt margir þeirra hafi einnig verið þýddir úr millimáli. Um svipað leyti eru fyrstu *vaudeville*-gamanleikritin sett upp og er óhætt að segja að þau hafi stolið senunni af eldri verkum og þá ekki síst hinum þekktu gamanleikjum Molière. Nokkur leikrita Eugène Labiche hafa verið leikin hér á landi, til dæmis *Ítalskur strábattur* (*Chapeau de paille d'Italie*) í Þjóðleikhúsinu árið 1967 í þýðingu Árna Björnssonar undir stjórn enska leikstjórans Kevins Palmer sem starfaði í Þjóðleikhúsinu um nokkurra ára skeið og þótti sú sýning fádæma góð.⁸ Leikfélag Reykjavíkur setti svo upp *Fló á skinni* (*Puce à l'oreille*) eftir Georges Feydeau í þýðingu Vigdísar Finnbogadóttur. Sýningin, undir stjórn Jóns Sigurbjörnssonar, sló í gegn og var sýnd 95 sinnum.⁹ Tveimur árum síðar setti Þjóðleikhúsið upp leikrit Feydeaus, *Hvað varstu að gera í nótt?* (*Occupe-toi d'Amélie*), sem Sveinn Einarsson, þá Þjóðleikhússtjóri, hafði séð í París í rómaðri uppsetningu Jean-Louis Barrault.¹⁰ Úlfur Hjörvar þýddi og sænski leikstjórinn Christian Lund stýrði sýningunni sem hlaut góðar viðtökur. Árið 1980 sýndi Þjóðleikhúsið saman einþáttinguna *Vert' ekki nakin á vappi* (*N'te promène donc pas toute nue*) eftir Feydeau og *Náttfari og nakin kona* eftir Dario Fo, og spyrti þannig saman höfundum sem þá þegar höfðu lokað þúsundir áhorfenda í Iðnó. Þá setti Þjóðleikhúsið upp árið 1981 gamanleik Feydeaus,

5 Magnús Þór Þorbergsson, *A Stage for the Nation. Nation, Class, Identity and the Shaping of a Theatrical Field in Iceland 1850-1930*, 328.

6 Sveinn Einarsson, *Íslensk leiklist III, 1920-1960*, 124.

7 Samkvæmt gagnagrunni Leikminjasafns Íslands hefur *Spanskflugan* (þ. *Die Spanische Fliege*) verið sett upp átta sinnum á Íslandi, síðast í Borgarleikhúsinu leikárið 1993–1994.

8 A.K., „Þjóðleikhúsið: *Ítalskur strábattur*“, 8.

9 Sjá gagnagrunn Leikminjasafns Íslands, <https://leikminjasafn.is/index.php?page=result&q=get-LeiksyningDXO/973>

10 Viðtal við Svein Einarsson, 19. nóvember 2024.

Hôtel Paradís (*Hôtel du Libre échange*), í þýðingu Sigurðar Pálssonar og skartaði sú sýning helstu gamanleikurum Þjóðleikhússins á þeim tíma.

Meðal vinsælustu verkanna af *vaudeville*-gerðinni sem sett hafa verið á svið fyrir íslenska áhorfendur eru hinir svokölluðu „hurðafarsar“ eða „breiðstrætaskopleikir“ leikskáldsins Marcs Camoletti (1923–2003). Frægasta leikverk hans er farsinn *Boeing-Boeing* en hér á landi þekkja áhorfendur Camolettis ekki síst fyrir hinn vinsæla gamanleik *Sex í sveit* (*Pyjama pour six*) í leikgerð og staðfærslu Gísla Rúnars Jónssonar. Verkið var fyrst sett á svið árið 1998 í Borgarleikhúsinu og aftur árið 2019 í endurskoðaðri þýðingu. Hér verður fjallað um helstu einkenni frönsku *vaudeville*-leikritanna og síðan stuttlega um íslenskun á gamanleikjum Camolettis, einkum *Sex í sveit*, og leið verksins rakin frá franska textanum til íslensku gerðarinnar, með hliðsjón af ensku þýðingunni sem er grunnur að íslensku leikgerðunum. Þá verða teknar til umfjöllunar íslenskar þýðingar Gísla Rúnars á breskum försum sem skrifaðir voru að franskri fyrirmynd og uppsetningar þeirra í Borgarleikhúsinu bornar saman við frönsku gamanleikina. Hvað er eftir af frönsku farsahefðinni í íslensku samtímaleikhúsi þegar verkin hafa verið „flutt heim“? Eru aðlaganir og heimfærslur ef til vill til þess fallnar að auka vinsældir leikrita af þessum toga?

Franski farsinn um borgarastéttina

Þeir gamanleikir sem fyrst gengu undir nafninu *vaudeville* innihéldu bæði söngva og dans og voru leiknir allt frá síðari hluta 18. aldar á árlegum mörkuðum í París sem kenndir voru við kirkjusóknir Saint-Germain og Saint-Laurent sitt hvoru megin Signu.¹¹ Orðið *vaudeville* á sér þó lengri sögu og á 16. og 17. öld stóð það fyrir grípandi og létt sönglög.¹² Söngvar af þeim toga voru svo sungnir í

11 Brunet, *Le Théâtre de Boulevard*, 52.

12 Umfjöllun um merkingu orðsins *vaudeville* og þróun þess er að finna í grein Guy Spielmann, „Le vaudeville, de la chanson au théâtre (XIV^e-XVIII^e)“. Sjá einnig Brunet, *Le Théâtre de Boulevard*, 50–51. Margar fróðlegar greinar um *vaudeville* er að finna í greinasafninu *Le Vaudeville à la scène*. Sjá einnig Gidel, *Le Vaudeville*, Hélène Lacas, „Vaudeville“, 828–829; „vaudeville“, *Dictionnaire de l'Académie française*, Jaucourt, „vaudeville (poésie)“, *L'Encyclopédie, ou Dictionnaire raisonné des sciences, des arts et des métiers*, 861–862.

gamanleikjum sem sóttu innblástur í hina ítölsku hefð *commedia dell'arte* þar sem staðlaðar persónur keyra fram hverja kostulegu uppákomuna á fætur annarri um leið og skírskotað er til vel þekktra viðburða úr samtímanum. Undir lok 18. aldar (1792) var svo Vaudeville-leikhúsið stofnað í París og þá var farið að nota orðið *vaudeville* fyrir leikritin sjálf, en ekki eingöngu lögin sem þar voru sungin. Verkin einkenndust af léttleika og skopi en voru einnig nýstárleg viðbót við það leikhús- og menningarlíf sem borgin bauð upp á. Andstætt „klassískum“ viðmiðum og ströngum reglum sem sett höfðu svip sinn á leikritun 17. og 18. aldar, naut gamanleikurinn mikils frelsis og höfundar höfðu hvorki áhyggjur af siðferðisboðskap né fagurfræðilegu gildi. Þetta frelsi endurspeglast gjarnan í bókmenntasögunni og í umfjöllun um leikritin sem þóttu mikið léttmeti í samanburði við alvöruþrúningari verk. Hlutverk *vaudeville*-leikritanna var fyrst og fremst að skemmta áhorfendum með alls kyns gríni og háði, atburðum í deigluinni, orðaleikjum og, ekki síst, flóknum sögupræði. Þegar líða tók á 19. öldina urðu ástín og ástamál veigameiri í þessum kómíska samtímaspegli og misskilningur einn af burðarstólpum verkanna. Um aldamótin 1900 rann *vaudeville* svo að miklu leyti saman við hinn vinsæla „breiðstrætaskop-leik“ eða *comédie de boulevard* sem leikinn var í leikhúsum við hin nýju breiðstræti Parísarborgar en þar sáu fjölmargir höfundar um að skemmta borgarbúum með líflegum og grípandi leikritum. Upp frá því má segja að *vaudeville* skírskoti einkum til léttvægra og auðskilinnna gamanleikja. Á íslensku – og reyndar á ensku líka – eru leikrit af þessum toga gjarnan kölluð farsar til aðgreiningar frá gamanleikjum með alvarlegri undirtón þótt farsinn, í sögu franskrar leiklistar, vísi til ákveðinnar tegundar af fremur einföldum og stuttum gamanleikjum sem komu fyrst fram á 14. öld og þar sem gjarnan var dregið dár að hversdagslífi alþýðunnar. Kúvendingar og orðaleikir settu svip sinn á þessi gömlu verk sem nutu mikilla vinsælda bæði innan Frakklands og utan og voru eina leikritaform miðalda sem ekki féll í gleymsku og dá þegar leiklist fornaldar var sett í öndvegi á endurreisnartímanum. Þess má geta að í upphafi ferils síns sem gamanleikjahöfundur sótti Molière ríkan innblástur til miðaldarfarsans.

Leikskáldið Eugène Scribe (1791–1861) virðist hafa verið fyrstur til að skrifa gamanleiki þar sem söguþráðurinn varð flóknari og framvindan vandaðri en áður hafði tíðkast, auk þess sem persónurnar urðu raunsærri og fóru að fjarlægjast týpunar sem einkenna *commedia dell'arte*.¹³ Hann var sérlega afkastamikill og fjölhæfur og leikrit hans voru vinsæl: tuttugu og fjögur þeirra voru sett upp í Comédie-Française á árunum 1822–1859. Verk hans voru þjóðlífsverk (fr. *comédies des mœurs*) og hömpuðu gildum borgarastéttarinnar.¹⁴ Einn frægasti gamanleikur hans, *Glas af vatni* (*Le Verre d'eau*), gerist við ensku hirðina í upphafi átjándu aldar. Glas af vatni hellist yfir kjól Önnu Stuart Englandsdrottningar og leiðir til þess að nýr ráðherra kemst til valda en sá er talsmaður frjálsrar verslunar og hliðhollur Frökkum. Leikritið var sýnt hjá Leikfélagi Reykjavíkur árið 1928 í þýðingu Emils Thoroddsen og hlaut dræmar viðtökur.¹⁵

Eugène Scribe hafði mótandi áhrif á sporgöngumenn sína, Eugène Labiche (1815–1883) og Georges Feydeau (1862–1921).¹⁶ Sá fyrrnefndi setti sterkan svip á þróun *vaudeville*-gamanleikja og er þekktur fyrir að hafa dregið upp skoplega mynd af borgarastéttinni með hraðri framvindu og flókinni þar sem hið óvænta ætlar allt um koll að keyra á sviðinu, en tekst þó aldrei fullkomlega.¹⁷ Farsaforminu, sem þótti óæðra listform, var nú beitt til að gagnrýna borgarastéttina.¹⁸ Persónum Labiche skjátlást oft hrapallega og þær ruglast í ríminu – ekki ósvipað því sem sjá má í þöglum gamanmyndum. Þegar eitt frægasta leikrit hans, *Ítalski stráhatturinn*, var sett upp í Palais-Royal í París árið 1851, var leikhússtjórinn svo ósáttur að hann neitaði að vera viðstaddur frumsýninguna.¹⁹ Hinn mikli meistari *vaudeville* er svo Georges Feydeau sem sagðist aldrei skrifa niður atburðarás verka sinna heldur hugsa um hreyfingar – innkomu, útgöngu – persónanna á sviðinu eins og á skákborði, enda

13 Brunet, *Le Théâtre de Boulevard*, 62.

14 Jomaron, *Le Théâtre en France, 2. De la Révolution à nos jours*, 167–173.

15 Ram, „Leikhúsið. ‘Glas af vatni’ eftir Scribe“, 2. Um nafnlausu aðför að Leikfélagi Reykjavíkur þar sem þessi uppsetning kemur við sögu, sjá Svein Einarsson, *Íslensk leiklist III*, 71–73.

16 Jean-Claude Yon, „Scribe vaudevilliste pour le Gymnase“, *Le Vaudeville à la scène*, 37–45.

17 Olivier Bara, „Le ‘rire sympathique’ de Geoffroy, ou le bourgeois *bien tempéré* de Labiche“, *Le Vaudeville à la scène*.

18 Jomaron, *Le Théâtre en France, 2. De la Révolution à nos jours*, 181.

19 Sama rit, bls. 180.

væri hreyfingin grunnur leikhússins.²⁰ Hann nýtti sér hugmyndir sem stríddu gegn öllum trúverðugleika og út frá þeim þróast atburðarás þar sem hið óvænta er í fyrirrúmi, misskilningur á misskilning ofan, og aldrei nein ládeyða eða hlé. Verkin eru því krefjandi, bæði fyrir leikara og áhorfendur og verkum Feydeau fylgdu gjarnan afar nákvæm fyrirmæli varðandi sviðsetningu.²¹ Vinsældir hans urðu til þess að losa *vaudeville*-leikritin undan öllum samanburði og minnimáttarkennd andspænis æðri leiklist,²² enda hefur Feydeau verið talinn annað mesta gamanleikjaskáld Frakka á eftir Molière.²³ Í umfjöllunum um verk þessara þriggja höfunda – Scribe, Labiche og Feydeau – er iðulega talað um „hið vel smíðaða leikrit“²⁴ (fr. *la pièce bien faite*) þar sem flókin söguþráðurinn verður að ganga upp snurdulaust, en það er einmitt helsta einkenni *vaudeville*-leikja sem þrátt fyrir yfirborðskennda ringulreið eru formföst og úthugsuð.

Efni *vaudeville*-leikritanna frá lokum 19. aldar og þeirri 20. þykir keimlíkt: þau fjalla gjarnan á ýktan og broslegan hátt um framhjá-hald og ástarflækjur, lygar og svik, og þær vandræðalegu uppákomur sem þeim fylgja. Þótt leikritin endurspegli ef til vill flókin viðfangsefni sem margir þekkja, forðast höfundar að varpa fram tilvistarlegum spurningum á alvörubruninginn hátt. Það er því nokkuð algengt að litið sé á *vaudeville*-farsann sem ófrumlegar og léttvægar leikbókmenntir, fánýtt glens, hreina skemmtun og „melt-ingarbætandi“ (fr. *digestif*), eins og góður snafs eftir þunga máltíð,²⁵ en sú líking er lýsandi bæði fyrir samkvæmislíf og forgangsroðun borgarastéttarinnar: farið var út að borða, síðan í leikhús og af þessu var máltíðin aðalatriði. Þegar betur er að gáð, eru leikritin þó vettvangur fyrir nístandi háð á hjónabandið sem stofnun og samskipti kynjanna, ekki síst síðustu leikrit Feydeaus.²⁶ Auk þess

20 Brisson, *Portraits intimes*, 14–15; sjá nánar: Alice Folco, „Feydeau, metteur en scène ?“, *Le Vaudeville à la scène*, 71–80.

21 Folco, „Feydeau, metteur en scène ?“.

22 Jomaron, *Le Théâtre en France, 2. De la Révolution à nos jours*, 183–187.

23 Achard, „Introduction“, 7.

24 Sveinn Einarsson, *Leikmenntir*, 44.

25 Sjá til dæmis Lacas, „vaudeville“, 828–829; Coward, *A History of French Literature. From Chanson de geste to Cinema*, 376.

26 Brunet, 71, 73–74.

bregður Feydeau upp óvæginni mynd af borgarastéttinni sem keppist um auð og metorð og óttast hneyksli meira en nokkuð annað.²⁷

Sterkur grunnur og þol við þýðingum

Í riti sínu um hláturinn, frá árinu 1900, benti franskur heimspekingurinn Henri Bergson á að í *vaudeville*-verkum raðist atburðir upp á *mekanískan* hátt (bein lína, hringur, bakslag)²⁸ og að þannig byggist verkin á endurtekningum, viðsnúningum og árekstrum.²⁹ Þessi framsetning persóna og atburða verði svo til þess að draga fram *vélvæðingu lífsins* (fr. *la mécanisation de la vie*) þar sem hversdagslegur hlutur, t.d. bréf eða stráhattur, getur haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar. Fyrir Bergson framkallar lífið sjálft þennan mekanisma: „*vaudeville*-leikurinn er hinu raunverulega lífi það sem leikbrúðan er mannum, ýkt mynd af ósveigjanleika hlutanna“.³⁰ Leikhúsfræðingurinn Eric Bentley hefur einnig bent á að *vaudeville*-farsinn um framhjáald gefi áhorfendum færi á að upplifa dýrlegar hvatir án þess að þurfa að finna til sektarkenndar vegna eigin breyskleika.³¹ Samkvæmt bandaríska bókmenntafræðingnum Joan Dean tengir þessi sýn á manninn sem vél eða dýr *vaudeville*-leikinn við leikhús fátíðleikans eða framúrstefnuleikhúsið, sem er á hinum endanum á leikhúsrófi 20. aldarinnar: efni farsans einskorðist ekki lengur við alþýðuna, eins og á miðöldum, heldur sýni hann að hver og einn geti hagað sér grimmdarlega, enda sé sannleikurinn um botnlausu grimmd mannsins sú staðreynd sem hin langa 20. öld þarf að horfast í augu við.³² *Vaudeville*-leikirnir setja þó broslegu hlið hins mannlega eðlis í fyrsta sæti og í vel smurðu og gamansömu gangverki fátíðleikans geta áhorfendur hlegið dátt að borgarastéttinni sem hefur tauma efnahags- og þjóðlífsins í hendi sér.

27 Heyraud, „Introduction“, IX–X.

28 Bergson, *Le Rire. Essai sur la signification du comique*, 82 og 97.

29 Sama rit, bls. 103–115.

30 Sama rit, bls. 115–116. Okkar þýðing.

31 Bentley, *The Life of the Theatre*, 229.

32 Dean, „Joe Orton and the Redefinition of Farce“, 482.

Franska fræðikonan Céline Candiard hefur bent á að það felist ákveðin mótsögn í því að þau verk sem laði að flesta áheyrendur – innan og utan heimalandsins – skuli jafnframt vera þau sem minnst sé fjallað um á fræðilegum vettvangi.³³ Í því samhengi má rifja upp gamalþekkt stigveldi franskra leikbókmennta frá 17. öld þar sem farsinn sat óumdeildur í botnsætinu enda þótti óhugsandi að slíkir ærslaleikir, sem alla jafnan fjölluðu um hversdagslíf alþýðufólks, gætu fallið í kramið hjá betri borgurum þótt raunin væri vissulega önnur.³⁴

Sterk grunnbygging *vaudiville*-leikrita á eflaust sinn þátt í því hversu auðvelt virðist vera að laga þau að ólíkum menningarheimum og markhópum. Grunnurinn byggist annars vegar á einföldum, jafnvel klisjukenndum karakterum og hins vegar á leikmyndinni sem einkennist af miklum fjölda útgönguleiða. Leikritin ganga út á það að hindra að upp komist um framhjáhald – eða hliðarspor í hjónabandinu – og því gegna dyrnar aðalhlutverki í þessum gamanleikjum sem stundum hafa gengið undir nafninu „hurðafarsar“ á íslensku. Hurðaskellir eru taktur og einkenni leikformsins sem oft er líkt við klukkuverk.

Þýðingar á leiktextum hafa þá sérstöðu að þurfa að virka strax, miðla inntaki textans og ná til áhorfenda. Gamanleikur eða farsí leggur auk þess þá byrði á herðar þýðanda að koma til skila hugsun og húmor sem byggist gjarnan á sértækri og flókinni notkun tungumálsins og hefur um leið margvíslegar og marglaga menningarlegar skírskotanir. Þýðingin kallar því á umtalsverðar „samningaumleitani“ á milli frumtexta og markhóps þýðingarinnar.³⁵ Einnig þurfa þýðendur að ákveða hvort þeir láta verkið halda framandleika sínum og einkennum upprunans, eða hvort verkið verði staðfært og lagað að nýjum áhorfendum.³⁶ Í hurðaförsum eru innkomur og útgöngur og tímasetningar þeirra aðalatriði á meðan tungutak er tiltölulega einfalt, að minnsta kosti á yfirborðinu. Leikstjórinn þarf

33 Candiard, „*Boeing-Boeing* de Marc Camoletti : hypothèses sur un triomphe paradoxal“.

34 Til dæmis var farsí eftir Molière harðlega gagnrýndur af nafnlausum höfundum sem þóttist ekki sjá neinn „heiðvirðan mann koma áneððan af þessari leiksýningu“. Sjá *Observations sur une comédie de Molière intitulée Le Festin de Pierre*.

35 Laera, „Theatre Translation as Collaboration: Aleks Sierz, Martin Crimp, Nathalie Abrahami, Colin Teevan, Zoë Svendsen and Michael Walton discuss Translation for the Stage“, 214.

36 Venuti, *The Translator's Invisibility. A History of Translation*, 19–20.

að halda fast í taumana til að færa ærslaganginn í réttan farveg á leiksviðinu. Ef tungumálið verður viðfangsefni spaugsins, er gjarnan um að ræða misskilning, jafnvel þrálátan.³⁷ Allt þarf þetta að ganga upp þegar verkinu er snúið á annað tungumál og eru ýmsar leiðir færar í þeim efnum,³⁸ eins og sjá má á íslenskum þýðingum og aðlögunum margra erlendra gamanleikja.

Franskir skopleikir eiga sér langa sögu á íslensku leiksviði og bæði *vaudeville*-leikritin og hurðafarsarnir hafa náð furðu vel til íslenskra áhorfenda. Fáir þeirra hafa þó getað státað af sömu vinsældum og *Fló á skinni* eftir Georges Feydeau, sem fyrst var settur á svið hjá Leikfélagi Reykjavíkur árið 1972 í þýðingu Vigdísar Finnbogadóttur og leikstjórn Jóns Sigurbjörnssonar og var sýndur í rúmlega þrjú ár,³⁹ nema ef vera skyldi hurðafarsinn *Sex í sveit* eftir Marc Camoletti. Í íslenskri þýðingu tók þessi franskí „breiðstrætaskopleikur“ stakkaskiptum þótt grunnbygging verksins standi eftir nánast óbreytt.

Hurðafarsar Marcs Camoletti

Marc Camoletti vakti fyrst athygli í leikhúsheimi Parísar með farsanum *La Bonne Anna* eða *Anna þjónustustúlka* sem settur var upp árið 1958. Þar segir frá Bernard og Jacqueline sem hafa komist í kynni við heillandi einstaklinga sem þau vildu gjarnan geta hitt í einrúmi, ef tækifæri byðist. Eina helgina þykjast þau bæði þurfa að sinna erindum utan heimilis og gefa Önnu, þjónustustúlkunni á heimilinu, frí. Þegar hjónin læðast heim sitt í hvoru lagi, en í góðum félagsskap, er Anna hins vegar mætt til leiks og beitir ýmsum brögðum til að koma í veg fyrir að hjónaband húsráðenda fari út um þúfur. Verkið náði gríðarlegum vinsældum innanlands og utan og er gott dæmi um hið tvöfalda siðgæði borgarastéttarinnar sem lýst er í *vaudeville*-farsanum: annars vegar lýkur leiknum á því að

37 Sem dæmi má nefna að í *Fló á skinni* eftir Georges Feydeau er ein persóna holgóma og á því erfitt með að gera sig skiljanlega þar til hún fær góm, sem hún týnir svo stuttu síðar.

38 Céline Candiaard fjallar um viðtökur og ólíkar staðfærslur á verki Camolettis *Boeing-Boeing* í fyrrenfndri grein: „*Boeing-Boeing* de Marc Camoletti : hypothèses sur un triomphe paradoxal“.

39 Greinarhöfundar vinna að ítarlegra yfirliti yfir þýðingar og viðtökur á frönskum gamanleikjum á Íslandi, þ.m.t. *Fló á skinni*.

hjónabandinu er borgið, hins vegar sleppa allir án refsingar. Aðalatriði er að enginn komist á snodir um svik hins í ástamálunum sem áhorfendur vita hins vegar allt um, eins og Anna.

Camoletti er þekktastur fyrir gamanleikinn *Boeing-Boeing* sem fyrst var sett upp í Comédie-Caumartin í París árið 1960 og er það franska nútímaleikrit sem oftast hefur verið leikið, í heimalandinu og á heimsvísu.⁴⁰ Flugvélar og flugfreyjur koma mjög við sögu í verkinu og heiti þess vísar í senn til samnefnds flugvélaframleiðanda og hljóðlíkingar gormaískurs, til dæmis í rúmdýnu. Aðalpersónan er einhleypi arkitektinn Bernard sem er ekki við eina fjölinna felldur í ástamálum. Með dyggri aðstoð þjónustustúlku sinnar, Berthe, á hann ástarfundi í íbúð sinni í París, sitt á hvað, með þremur flugfreyjum, sem fljúga hver fyrir ólíkt flugfélag. Þær vita ekki af tilvist hver annarrar og hann hefur heitið þeim öllum að kvænast þeim. Tilvera Bernards snýst um stefnumótin sem fylgja áætlunum flugfélaganna þriggja í þaula. Allt gengur að óskum þar til æskuvinurinn og kvennabósin Robert kemur í óvænta heimsókn og samkeppni um athygli flugfreyjanna, dyntir í veðurfari og ný og hraðskreiðari Boeing-þota setja skipulagið úr skorðum.

Boeing-Boeing var fyrst snúið á íslensku af Lofti Guðmundssyni og fékk það heitið *Douglas-Douglas* en síðan *Sexurnar* í uppsetningu Leikfélags Kópavogs árið 1967 og leikstjórn Klemenz Jónssonar.⁴¹ Loftur staðfærði leikritið, eins og sjá má af upphaflega titli þýðingarinnar sem vísar í Douglas-vélar flugfélagsins Loftleiða (1944–1973), og voru viðtökur góðar.⁴² Mörg áhugamannafélög settu síðan farsann á svið í nýrri þýðingu og leikgerð Sigurðar Atlasonar sem gaf því titilinn *Einn koss enn og ég segi ekki orð við Jónatan*. Leikgerð Sigurðar byggðist á bandarísku gamanmyndinni *Boeing-Boeing* frá árinu 1965, með Jerry Lewis og Tony Curtis í aðalhlutverkum. Kvikmyndin er látin gerast í París en söguþráðurinn er aðlagður bandarískum áhorfendum og viðmiðum. Leikgerð Sigurðar var fyrst sýnd af Leikfélagi Hólmavíkur árið 1994 í leikstjórn Ásdísar

40 Candiard, „*Boeing-Boeing* de Marc Camoletti : hypothèses sur un triomphe paradoxal“, 1.

41 Þýðing Lofts er aðgengileg á Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni: Klemenz Jónsson (1920-2002). Einkaskjalasafn. Lbs 2019/57. Sjá einnig „Leikfélag Kópavogs að hefja starfsemi“ *Þjóðviljinn*, 14. október 1966, 5, og „Douglas - Douglas sýnt hjá L.K.“, 16.

42 Sjá til dæmis umfjöllun Örnólfs Árnasonar, „Sexurnar“, 15.

Thoroddsen.⁴³ Þegar leikfélag Fáskrúðsfjarðar setti verkið upp 2001, í leikstjórn Björns Gunnlaugssonar, skrifaði Þorgeir Tryggvason:

Útgáfa Sigurðar Atlasonar frá Hólmavík á farsa Marc Camolettis, Douglas- Douglas er eins dæmigerður farsí og hugsast getur. Hann hverfist um kynhvötina og kvennabúrsfantasíur karla, sem eins og einatt eru helstu skotsþæmir grínsins. Merkilegt hvað verk í þessari bókmenntagrein, sem allajafna er lítið niður á sem ómerkilega afþreyingu, hafa skýran siðaboðskap. Grínið felst í því hvernig lygarar og ómerkingar, gróðapungar og graðneglar reyna að komast undan fordæmingu og refsingu, en mistekst einatt. Hvers vegna eru ekki skrifaðir fleiri farsar á Íslandi í dag? Nógur er heimsósóminn.⁴⁴

Þessi „mórölsku“ málalok bandarísk-íslensku leikgerðarinnar endurspeglar þó ekki endi franska verksins þar sem stefnumótakerfi Bernards er ekki úthugsuð og hættuleg svikamylla, sem leiðir til þess að félagarnir Bernard og Robert leggja á flóttu undan ásökunum, heldur leikur sem endar vel og allir finna ástina að lokum. Móralskt vægi franska verksins er því lítið.⁴⁵ Breytingarnar hafa þó síst dregið úr kómískri hlið verksins sem fékk einnig góðar viðtökur þegar það var sett upp af Leikfélagi Sauðárkróks árið 2018. Í umfjöllun sinni um sýninguna vitnar Kristín Sigurrós Einarsdóttir í þau orð formanns leikfélagsins að sýningin – „fjörugur hurðafarsí“ – skilji ekki endilega eftir mikinn boðskap og spyr hvort það þurfi endilega að vera boðskapur: „Er ekki stundum bara gott að gleyma amstri og áhyggjum hversdagsins og hlæja í góðum félagskap?“⁴⁶ Athyglisvert er að þetta vinsælasta af öllum frönskum leikritum⁴⁷ hefur notið hylli íslenskra áhugamannaleikfélaga en aldrei verið sett upp í íslenskum atvinnuleikhúsum.

43 Sjá leikskrá frá Leikfélagi Hólmavíkur: „Einn koss enn og ég segi ekki orð við Jónatan“. Hér kemur fram að sýningar hafi verið tíu samtals.

44 Þorgeir Tryggvason, „Einn koss enn og ég segi ekki orð við Jónatan“.

45 Candiard, „*Boeing-Boeing* de Marc Camoletti : hypothèses sur un triomphe paradoxal“, 3.

46 Kristín Sigurrós Einarsdóttir, „Framúrskarandi frumsýning“, 6.

47 Leikritið er talið hafa verið leikið meira en tíu þúsund sinnum, í yfir fimmtíu löndum. Sjá Christophe Mory, „Les Raisons d'un triomphe: Gentillesse, joyeuse soirée et efficacité théâtrale“, x.

Sex í sveit er væntanlega það verk Camolettis sem flestir Íslendingar þekkja og er einn af vinsælustu försunum sem settir hafa verið upp hér á landi. *Sex í sveit*, eða *Pyjama pour six*, eins og það heitir á frummálinu, var frumsýnt 7. desember 1985 í Théâtre Michel í París í leikstjórn höfundar. Leikritið er ekki síður fjöruget en *Boeing-Boeing* og flækjustigið jafnvel meira. Hér segir frá hjónunum Bernard og Jacqueline sem eru stödd á sveitasetri sínu utan við Parísarborg. Þangað hefur Bernard boðið sinni glæsilegu ástkonu – og fyrirsætu – Brigitte, til þess að halda upp á afmæli hennar. En þetta má eiginkonan auðvitað ekki komast á snodir um. Þess vegna býður hann einnig Robert, vini sínum, að dvelja hjá þeim um helgina og grátbiður hann um að þykjast vera unnusti Brigitte. Bernard veit auðvitað ekki að Robert og Jacqueline eru býsna náin og höfðu hugsað sér gott til glóðarinnar um helgina. Robert fellst samt á að þykjast vera unnusti Brigitte. Þegar bjöllunni er hringt fer hann til dyra og býst við að þar sé ástkonan Brigitte mætt á staðinn. Handan við þröskuldinn stendur hins vegar þjónustustúlka sem Jacqueline hefur ráðið til þess að hjálpa til við matreiðsluna um helgina og svo óheppilega vill til að hún heitir líka Brigitte. Róbert heldur því að Brigitte þjónustustúlka sé Brigitte fyrirsæta og þegar fyrirsætan lætur loks sjá sig þarf hún að taka að sér hlutverk þjónustustúlkunnar og er send beint í eldhúsið.

Allt fer úrskaiðis sem hugsast getur í þessum hraða leik þar sem persónur eru á stöðugri ferð og tjá sig jafnt í orðum sem líkams-hreyfingum og svipbrigðum. Hér þarf leikstjórinn að sjá til þess að allt gangi upp, ekki síður en í leikritum Feydeaus. Leikurinn byggist á klaufalegum misskilningi, endurtekningum og orðaleikjum, til dæmis á franska orðinu *bonne*, þar sem nafnorðið þýðir „þjónustustúlka“ og lýsingarorðið „góð“, en sem getur einnig haft klúra merkingu. Eins og í tveimur fyrrnefndum försum Camolettis, er þjónustustúlkan í einu af lykilllutverkum leikritsins. Hún er neðar í þjóðfélagsstiganum en húseigendur og gestir þeirra og sker sig úr hvað varðar tungutak og framkomu, ekki síst í því óvænta hlutverki fyrirsætunnar sem hún þarf að leika. Þegar á reynir er hún þó alls ekki eins einföld og húsbændurnir gera ráð fyrir, heldur skynsöm og hagsýn, auk þess sem hún er hamingjusamlega gift og trú sínum bónda. Hún hefur þannig jarðtengingu og siðferðislega yfirburði

yfir aðrar persónur og er það til þess fallið að draga fram hið fáfengilega og hið lágvúrulega – en að sama skapi hið kómíska – við undirferli og látalæti betri borgaranna. Því má bæta við að þessi manngerð er vinsæll talsmaður heilbrigðrar skynsemi í frönskum gamanleikjum, ekki síst í leikritum Molières.

Sex í sveit var frumsýnt 12. mars 1998 í Borgarleikhúsinu og var sýnt í þrjú ár, frá mars 1998 til októbermánaðar árið 2000; um það bil 54.000 áhorfendur sáu þá verkið. Árið 2019 var farsinn settur upp á nýjan leik hjá Leikfélagi Reykjavíkur og sýndur 57 sinnum fyrir um það bil 30.000 áhorfendur eða þar til leikhús þurftu að loka dyrum sínum vegna heimsfaraldurs.⁴⁸ Á milli þessara uppsetninga tóku margir áhugamannaleikhópar verkið til sýningar. Gísli Rúnar Jónsson þýddi leikritið, staðfærði og studdist við enska þýðingu eða aðlögun eftir Robin Hawdon, *Don't Dress for Dinner*, sem fyrst var sýnd í Lundúnum 1991.⁴⁹

Í leikgerð Hawdons gerist verkið rétt fyrir utan París og persónurnar bera frönsk nöfn, þó ekki nákvæmlega þau sömu og í franska textanum. Þýðandinn sleppir ýmsum menningarlegum og staðbundnum skírskotunum eða einfaldar og skiptir þeim út fyrir algengar klisjur sem búast má við að láti kunnuglega í eyrum enskra áhorfenda, eins og Ritz, Chanel, Montmartre, Cointreau ... Hann breytir einnig upphafi verksins: hér ætlar Jacqueline að heilsa upp á aldraða móður sína yfir helgina og Bernard vill grípa tækifærið og bjóða ástkonu sinni, sem á afmæli, upp á góðan mat í tilefni dagsins. Hann ræður kokk til að sjá um eldamenskuna. Kokkurinn er því ekki vinnukona frúarinnar. Þessi breyting eykur ef til vill trúverðugleika þess að Bernard hafi ráðist í að bjóða viðhaldinu inn á heimilið í návist eiginkonu og vinar. Svo fer þó að koma Roberts verður til þess að Jacqueline snýst hugur og hún fer hvergi.

Í staðfærðri leikgerð Gísla Rúnars Jónssonar er leikritið gjörbreytt, að minnsta kosti á yfirborðinu. Sveitasetrið utan við París hefur gufað upp og í staðinn koma persónur verksins saman í sumarhúsi í Eyjafirði, rétt utan við Akureyri. Kokkurinn er ung norðlensk kona frá Saxbautanum sem sker sig talsvert frá reykvísku

48 Skv. upplýsingum frá Magnúsi Þór Þorbergssyni hjá Borgarleikhúsinu 16. júní 2022 og 6. nóvember 2024.

49 Marc Camoletti, *Don't dress for dinner*.

helgargestunum. Landfræðileg fjarlægð – og norðlenskur fram-
burður – kemur í stað stéttaskiptingar og undirstríkar muninn á
þeim og *benni*. Þegar upp er staðið er ekkert sem minnir á franska
verkið nema örstutt tilvísun til „franskra blaða“ sem notuð voru
við gerð innréttunganna í bústaðnum: „Þórunn sá um allar innrétt-
ingar og svoleiðis. Allt upp úr einhverjum frönskum blöðum. Gerði
það allt saman sjálf.“⁵⁰ Þessa tilvísun er ekki að finna í þýðingu
Hawdons enda engin þörf á að minna á franska umgjörð í verki
sem gerist rétt utan við París. Í íslensku leikgerðinni eru ekki
gerðar neinar grundvallarbreytingar á vel smurðum mekanisma
leikritsins eins og það er í leikgerð Hawdons.

Sex í sveit var sýnt tæplega 140 sinnum í Borgarleikhúsinu á tíma-
bilinu 1998–2000 og þetta bráðvinsæla kassastykki varð til þess að
leikhsústjórinn afhenti Maríu Sigurðardóttur leikstjóra verðlauna-
kúna Auðhumlu '99 – kúna sem mjólkar mest – þegar farsinn hafði
verið leikinn í 75. skipti.⁵¹ Þegar leikritið var sett upp aftur í Borgar-
leikhúsinu tuttugu árum síðar, 2019, vakti það athygli gagnrýnanda,
ef til vill með hliðsjón af breyttum kynjahlutverkum. Jakob S. Jóns-
son velti því fyrir sér hvort dómgreindin væri komin í frí í Borgar-
leikhúsinu og benti á að fyrri velgengni væri engin afsökun fyrir því
að endurvekja „gamalt hugmyndafræðilegt rusl“.⁵² Dagný Kristjáns-
dóttir virtist vera á sama máli og sagði að leikritið væri þeytt og
kynjahlutverkin „hræðilega gamaldags“ en „að þau gæti auðveld-
lega kallað fram hlátur“.⁵³ Í umsögn Silju Aðalsteinsdóttur var leik-
ritið „blessunarleg hláturssprengja“⁵⁴ og í grein Sigríðar Jónsdóttur,
„Súrsæt sveitasæla“, er talað um „strangheiðarlega útfærslu á
klassískum farsa sem heppnast nákvæmlega eftir uppskriftinni“.⁵⁵ Í
sinni umfjöllun varpaði María Kristjánsdóttir svo fram þeirri
áhugaverðu spurningu hver staða farsans væri í afþreyingarumhverfi
samtímans.⁵⁶ Í viðtali við leikstjóran, Berg Þór Ingólfsson, kemur

50 Marc Camoletti, *Sex í sveit*, í enski leikgerð eftir Robin Howdon. Íslenskun og staðfærsla eftir Gísla Rúnar Jónsson, Leikfélag Reykjavíkur, 1997/1998, 31.

51 „Sýninga- og aðsóknarmet í Borgarleikhúsinu: Auðhumla í sveitina“, 76.

52 Jakob S. Jónsson, „Dómgreindin í frí?“

53 Dagný Kristjánsdóttir, „Sex í sumarbústað fyrir norðan...“.

54 Silja Aðalsteinsdóttir, „Sex í sveit: Blessunarleg hláturssprengja nú sem fyrr“.

55 Sigríður Jónsdóttir, „Súrsæt sveitasæla“, 52.

56 María Kristjánsdóttir, „Að drepast úr hlátri“.

fram að hann hafi velt því fyrir sér hvort farsinn væri gamaldags og hann hafi lesið verkið með kynjagleraugum til að kanna hvort persónur þess væru í jafnri stöðu og hvort einhver væri neyddur til einhvers.⁵⁷ Hann bendir einnig á að verkið fjalli mikið um stéttaskiptingu og að í lokin sé það alþýðustúlka sem gangi út með dýran pels og peninga. „Alþýðustúlkan“ – eins og kokkurinn og þjónustustúlkan hjá Hawdon og Camoletti – reynist vera klókasta og jafnframt heildarlegasta og ef til vill farsælasta persóna verksins, að minnsta kosti er samband hennar við eiginmanninn í góðu lagi.

Fyrir uppsetningu verksins árið 2019 var textinn lagaður að breyttu samfélagi og tækninýjungum og Silja Aðalsteinsdóttir bendir á að verkið sem áhorfendur hlæja að sé í raun eftir Gísla Rúnar Jónsson, og í það hafi verið bætt nýjum ferskum bröndurum. María Kristjánsdóttir er á sömu skoðun og tilgreinir að „sæmdarrétturinn [sé] allur hjá Gísla Rúnari svo mjög sem hann hefur þýtt og snúið textanum upp á íslenskar aðstæður“.⁵⁸ Um það hversu langt má ganga í staðfærslu leikverka þar til verk hefur skipt um höfund má vissulega deila.⁵⁹ Þessi spurning á ef til vill ekki síst við um gamanleiki þar sem orðaleikir og menningarlegar skírskotanir virðast kalla á aðlögun að nýjum markhópi og nýjum tímum. Í tilviki *Sex í sveit* er því réttmætt að spyrja hvað sé eftir af hurðafarsa Camolettis í staðfærslu Gísla Rúnars Jónssonar, þegar öllu er á botninn hvolft. Beinagrind franska farsans stendur eftir, óhögguð, þótt rækilega hafi verið skipt um umbúðir, og þegar lítið er til uppfærslu Bergs Þórs Ingólfssonar í Borgarleikhúsinu árið 2019 kemur í ljós að dyrnar fimm eru undirstaða leiksins enn sem fyrr þótt staðalmynd hinnar „íslensku sumarkonu“ hafi leyst fyrri manngerðir af hólmi, við ómælda kátínu leikhúsgesta.⁶⁰

57 Hólmfríður María Bjarnadóttir, „Drap fémínisminn farsann?“

58 María Kristjánsdóttir, „Að drepast úr hlátri“.

59 Sjá til dæmis Minier, „Definitions, Dyads, Triads and Other Points of Connection in Translation and Adaptation Discourse“, 14.

60 Um íslensku sumarkonuna, sjá greiningu Berglindar Festival í: Júlía Aradóttir, „Ný tegund ekki talin hættuleg þótt hún sé hávær“.

Breski svefnherbergisfarsinn sem umritun á franska hurðafarsanum

Eins og sjá má, hefur franskí farsinn stundum haft viðkomu í Bretlandi á leið sinni til Íslands og áhugavert er að sjá áhrif hans á ritun gamanleikrita, til dæmis breska leikskáldsins Rays Cooney. Í kynningarmyndbandi Borgarleikhússins á uppsetningu Magnúsar Geirs Þórðarsonar á leikriti Rays Cooney, *Úti að aka* (*Caught in the Net*), sem sett var upp árið 2017, gera leikstjórinn og leikarar mikilvægi dyra að umfjöllunarefni. Að þeirra sögn skiptir allt við þær máli: áferð, tímasetning á notkun, einnig hvort þær opnast út eða inn. Tilsvár, sem virkaði ekki vel, verður fyndið ef það er sagt í dyragátt.⁶¹ Í myndbandinu sést að leikmyndin hefur haft að minnsta kosti sjö dyr og minnir það á leikmyndir í verkum frönsku hurðafarsanna. Þannig taldi leikmynd *Boeing-Boeing* eftir Marc Camoletti sömuleiðis sjö dyr sem höfundur tíundaði nákvæmlega í upphafi leiktextans. Á ensku er þessi tegund leikrita kölluð *bedroom farce* eða *sex farce* með vísun til þess sem hægt er að ímynda sér að gangi á að hurðabaki, á meðan Frakkar láta ógert í sínum skilgreiningum að ýja að því sem áhorfandinn á að fá að sjá fyrir sér. Í viðtali fjallar Gísli Rúnar Jónsson um franska leikritið *Sex í sveit* sem „svefnherbergisfarsa“,⁶² sem er lýsandi dæmi um þá bresku síu sem franska leikritið hefur farið í gegnum á leið sinni á íslensku fjalirnar.

Ray Cooney (f. 1932) samdi fjölmörg gamanleikrit að franskri fyrirmynd. Eitt þeirra vinsælasta var farsinn *Run for Your Wife* sem var leikinn árum saman í Lundúnum á 9. áratugnum. Leikritið segir frá leigubílstjóranum John Smith sem á sér tvær eiginkonur. Þegar hann er lagður inn á sjúkrahús eftir bílslys, koma þær báðar að vitja hans og upphefst þá mikill hamangangur til að koma í veg fyrir að konurnar tvær hittist. Samkvæmt gagnagrunni Leikminjasafnsins var leikritið sett upp í Þjóðleikhúsinu árið 1985 í þýðingu Árna Ibsen og í leikstjórn Benedikts Árnasonar, undir heitinu *Með*

61 „Úti að aka – Hurðir“, myndband á youtube-rás Borgarleikhússins, 10. mars 2017.

62 Orri Páll Ormarsson, „Kómedían fjármagnar alltaf tragedíuna“, 24.

vífið í líkunum, og varð afar vinsælt.⁶³ Sama þýðing var svo leikin árið 2001 í Borgarleikhúsinu í leikstjórn Þórs Tulinius. Borgarleikhúsið fól svo Gísla Rúnari að þýða og staðfæra sjálfstætt framhald leikritsins, *Caught in the Net*, sem var fyrst sýnt í Lundúnum árið 2001. Það hefur hann gert svo um munaði eins og sjá má af kynningartexta við fyrrnefnt myndband leikhússins:

Úti að aka er farsí eins og þeir gerast bestir. Jón Jónsson, leigubílstjóri, er ekki allur þar sem hann er séður; hann á tvær eiginkonur, þær Guðrúnu í Hafnarfirði og Helgu í Mosfellsbæ. Guðrún veit ekki af Helgu og Helga hefur ekki hugmynd um Guðrúnu og Jón brunar sæll og glaður milli bæjarfélaga til að sinna báðum heimilum. En Adam var ekki lengi í Paradís! Börnin hans, af sitt hvoru hjónabandinu, kynnast fyrir slysi á Facebook og plana stefnumót. Til að afstýra stórslysi kokkar Jón upp fjarstæðukenndan lygavef þar sem enginn veit lengur hvað snýr upp og hvað niður. Á endanum er ekki ljóst hver hefur leikið á hvern eða hver er í rauninni úti að aka.

Af kynningunni sést hvernig Gísli Rúnar hefur staðfært verkið inn í íslenskan veruleika, í samstarfi við leikstjórnann, Magnús Geir Þórðarson. Grunnbygging verksins var óbreytt en í umfjöllun sinni taldi Guðrún Baldvinsdóttir, leiklistargagnrýnir Víðsjár, að henni ætti að fleygja eins og hverju öðru úreltu efni.⁶⁴ Hún taldi fram atriði í sýningunni þar sem gæta mátti hommafælni, kvenfyrirlitningar og útlendingafordóma, sem er sannarlega of mikið fyrir eitt leikrit. Sýningin gekk þó í tvö leikár. Nokkrum árum fyrr hafði sama teymi, þeir Gísli Rúnar og Magnús Geir, staðið að uppsetningu á öðru leikriti eftir Rays Cooney, *Nei, ráðherra!* (*Out of order*) sem einnig gekk fyrir fullu húsi í tvö leikár í Borgarleikhúsinu, hlaut áhorfendaverðlaun Grímunnar árið 2011 og var sett upp á Akureyri í kjölfarið. Í leikdómi Ingibjargar Þórisdóttur kemur fram að leikmynd Snorra Freys Hilmarssonar hafi fylgt „reglum farsans um innkomur, dyr, skápa og glugga, sem allt skiptir máli í framvindu

63 61 sýning og 20.157 áhorfendur, sjá <https://leikminjasafn.is/index.php?page=result&q=getLeik-syningDXO/1946>

64 Guðrún Baldvinsdóttir, „Ódýrir brandarar og úrelt efni“.

verksins“.⁶⁵ Leikrit Ray Cooney eru þannig greinilega eftirmynd frönsku hurðafarsanna. Sjálfir hafa Frakkar vel kunnað að meta leikrit þess sem þeir kalla „hinn enska Feydeau“⁶⁶ og hafa leikrit hans oft verið sett upp í París, gjarna í frönskum aðlögunum.

Munurinn á frönskum og breskum hurðaförsum hefur verið talinn sá að það sé augljósari siðaboðskapur í þeim breska sem eigi til að læsa áhorfendur inni í þægindum óbreytts ástands á meðan þeir frönsku séu flóknari og tvíbentari.⁶⁷ Í því sambandi var reyndar verið að vísa til fyrri kynslóðar í frönsku hurðafarsahefðinni, þ.e. leikskáldsins Georges Feydeau. Á meðan enski farsinn hefur þróast út í þröngsýni og hleypidóma svo að íslenskum gagnrýnendum þótti nóg um, virðast eldri verk Feydeaus standast betur tímans tönn.

Á hurðafarsinn erindi í dag?

Eins og fyrr segir urðu frönsku *vaudeville*-verkin til í einkareknum leikhúsum, þar sem þau eru enn leikin. Þá hafa franska þjóðleikhúsið Comédie-Française og önnur ríkisrekin leikhúsi í Frakklandi sett upp verk eftir Georges Feydeau og Eugène Labiche. *Ítalskur strábattur* í leikstjórn Giorgios Barberios Corsetti gekk í þrjú leikár á árunum 2014–2016 í Comédie-Française og *Fló á skinni* eftir Feydeau í leikstjórn Lilo Baur gekk með hléum í fimm leikár, frá 2019 til ársloka 2023, í sama leikhúsi og fór svo í sýningarferð um Frakkland. Samkvæmt vefsíðu *L'Officiel des spectacles*, sem tekur saman það sem er á döfnni í menningarlífi Parísarborgar, verða einir tíu Feydeau-farsar settir upp á leikárinu 2024–2025, þar með talið í hinu virta leikhúsi Odéon-Théâtre de l'Europe. Tveir einþáttungar eftir Labiche verða sýndir saman á komandi leikári í litlu leikhúsi í París, en engin verk eftir Marc Camoletti eða Ray Cooney eru sýnileg á dagskrám leikhúsanna. Þess má geta að Comédie-Française hefur aldrei tekið leikrit eftir þessi tvö leikskáld til sýninga.

65 Ingibjörg Þórisdóttir, „Valinn maður í hverju rúmi“, 30.

66 Sjá t.d. vefsíðu leikritabókaútgáfunnar L'Avant-scène théâtre, sem gefið hefur út fimm af leikritum hans í frönskum aðlögunum: <https://www.avantscenenetheatre.com/artiste/87-ray-cooney>

67 Pronko, *Georges Feydeau*, 185.

Í þessu samhengi er forvitnilegt að sjá hvernig franska farsanum hefur vegnað hér á landi undanfarin ár, að frátöldum verkum Camolettis. *Fló á skinni* eftir Feydeau á sér lengri sögu á Íslandi en flest önnur frönsk gamanleikrit. Jón Sigurbjörnsson, sem hafði sett það upp hjá Leikfélagi Reykjavíkur í Iðnó árið 1972, leikstýrði því aftur þegar leikfélagið tók stykkið til sýninga árið 1990 í nýopnuðu Borgarleikhúsi. Verkið sló í gegn í annað sinn og var sýnt 70 sinnum.⁶⁸ Þegar Leikfélag Akureyrar setti farsann upp árið 2007 í leikstjórn Maríu Sigurðardóttur var hins vegar ákveðið að láta þýða verkið á ný og var Gísli Rúnari Jónssyni falið það verkefni. Mikill munur er á þýðingunum tveimur: Vigdís fylgir frumtexta af gaumgæfni á meðan Gísli Rúnar staðfærir og lætur söguna gerast norður í Eyjafirði, en það hafði hann einnig gert í staðfærslu sinni á *Sex í sveit*.⁶⁹ Uppfærsla Maríu Sigurðardóttur var svo sett upp í Borgarleikhúsinu árið 2008 og var sýnd 75 sinnum.⁷⁰ Í báðum tilvikum sló *Fló á skinni* í gegn, hvort sem áhorfendur fylgdust með flóknum ástámálum hæfilega settlegra betri borgara í París í þýðingu Vigdísar eða ævintýralegum ástarflækjum nokkurra Akureyringa. Það má þó velta upp þeirri spurningu hvort önnur leiðin sé ákjósanlegri en hin eða hvort báðar eigi þær rétt á sér? Það var því forvitnilegt að sjá uppsetningu Borgarleikhússins á franska gamanleiknum *Bara smá-stund* (*Une heure de tranquillité*) eftir Florian Zeller í þýðingu Sverris Norðlands og leikstjórn Álfrúnar Helgu Örnólfsdóttur árið 2022. Verkið var fyrst sýnt í Théâtre Antoine í París árið 2013 með Fabrice Lucchini í aðalhlutverki og fékk nokkuð blendnar viðtökur þótt sumir gagnrýnendur hafi kallað verkið „stórkostlegan samtíma-Feydeau“.⁷¹ Í þýðingu sinni úr frummálinu staðfærði Sverrir Norland ekki verkið og hélt sig fumlaut við frönsk nöfn og staðhætti eins og Vigdís í þýðingu sinni á *Fló á skinni*. Ekki virðist sem „framandleiki“ verksins hafi dregið úr ánægju áhorfenda, því eins og fram kemur í pistli Nínu Hjálmarsdóttur, tókst Borgarleikhúsinu, þrátt fyrir „þunnt efni“, að setja upp „afþreyingarfarsa sem þjónar

68 Upplýsingar um uppsetningar á verkinu bæði í Reykjavík og á Akureyri má finna á heimasíðu Leikminjasafns Íslands, <https://leikminjasafn.is/index.php?page=result&q=getLeiksýningDXO/973>, sótt 4. nóvember 2024.

69 Greinarhöfundar þakka Leikfélagi Reykjavíkur fyrir lán á þessum óútgefnu leikhandritum.

70 Sjá gagnagrunn Leikminjasafns Íslands, <https://leikminjasafn.is/index.php?page=result&q=getLeiksýningDXO/2522>

71 „Une heure de tranquillité“, *Théâtre online.com*.

tilgangi sínum, hreinustu skemmtun sem hægt er að njóta í hugsunarleysi, og skilur lítið eftir sig“.⁷² Rebekka Sif hjá Lestrarklefanum var líka ánægð með leikritið sem „hafði það augljósa markmið að skemmta og vekja upp hláturrokur áhorfenda“⁷³ og Silja Aðalsteinsdóttir tók í sama streng.⁷⁴ Tæplega tólf þúsund gestir sáu verkið.⁷⁵

Staðfærsla gamanleikja er algeng á Íslandi þótt ekki hafi allir þýðendur farið þá leið í úrvinnslu sinni á þeim erlendu verkum sem þeir hafa íslenskað. Leið verkanna til landsins hefur ef til vill einnig áhrif á það hvernig verkin skila sér til áhorfenda. Þegar kemur að franska hurðafarsanum, *vaudeville*-leikjunum og breskum stælingum á þeim stendur Gísli Rúnar uppi sem hinn ókrýndi meistari heimfærslunnar í íslensku leikhúsi. Þó að þessi leikrit laði að mikinn fjölda áhorfenda, er greinilegt að gagnrýnendur eru iðulega harðorðir um „klisjur“ og „úrelta hugmyndafræði“ sem þar er í hávegum höfð. Leiklistargagnrýnanda breska dagblaðsins *The Guardian* blöskraði einnig „vafasamir og ósmekklegir brandarar“ í leikriti Rays Cooney, *Caught in the Net*, þegar það var fyrst sett upp árið 2001.⁷⁶ Siðaboðskapur bresku leikgerðanna og frumsöndu verkanna virðist hafa umhverfst í farveg fordóma og ekki er að sjá af vefsíðum *Time Out* eða *London Theatre Direct* að til standi að setja upp leikrit eftir Ray Cooney í ár. Á hinn bóginn eru hinir eldri hurðafarsar Feydeaus opnari og íróniskari – og enn leiknir. Franski bókmenntafræðingurinn og Feydeau-sérfræðingurinn Violaine Heyraud telur það vera satíruna og þjóðfélagsádeiluna í verkum gamanleikjaskáldsins sem skýri erindi þeirra og viðvarandi vinsældir í Frakklandi, sem og sýnin á hjónabandið sem helvíti.⁷⁷ Hvað íslenskt leikhúslíf varðar er ljóst að franska hurðafarsahefðin hefur náð vel til áhorfenda í gegnum tíðina, hvort sem þýtt hefur verið úr millimáli eða beint úr frönsku og jafnvel þegar teknar hafa verið upp breskar aðlaganir á frönsku leikverkunum, beint af fjöl-

72 Nína Hjálmarsdóttir, „Afpreying sem þjónar tilgangi sínum“.

73 Rebekka Sif, „Hrakföll og hláturrokur – Bara smástund! í Borgarleikhúsinu“.

74 Silja Aðalsteinsdóttir, „Ég um mig frá mér til mín“.

75 Samkvæmt upplýsingum frá Magnúsi Þór Þorbergssyni 7. desember 2023.

76 Clapp, „Nothing to lose but their trousers“.

77 Heyraud, „Mettre en scène Feydeau dans les années 2000“, 145–156.

unum á West End. Svo virðist sem vinsæl aðlögun Gísla Rúnars Jónssonar á *Sex í sveit* hafi spýtt nýju lífi í íslenska gamanleikinn og runnið saman við hefð íslenskra sumarleyfisgamanmynda. Þessi hefð virðist hafa skotið hér rótum að því marki að íslenskir leikhússtjórar panta nú frekar frumsamda íslenska sumarleyfisfarsa þegar þörf er á nýju „kassastykki“ en nýja þýðingu á gömlum hurðafarsa. Þannig virðist sem hinn franskí *vaudeville*-leikur liggi, alla vega að hluta, til grundvallar hinum íslenska sumarleyfisfarsa.

HEIMILDIR

- A.K. „Þjóðleikhúsið: Ítalskur strábattur“. *Tíminn*, 14. október 1967, 8.
- Achard, Marcel. „Introduction“. Georges Feydeau, *Théâtre complet*, 1. bindi, París: Éditions du Béliet, 1948.
- Bentley, Eric. *The Life of the Theatre*. New York: Atheneum, 1967.
- Bergson, Henri. *Le Rire. Essai sur la signification du comique*. París: Félix Alcan, 1900.
- Brisson, Adolphe. *Portraits intimes*, 5e série. París: Armand Colin, 1901.
- Brunet, Brigitte. *Le Théâtre de Boulevard*. París: Armand Colin, 2005.
- Camoletti, Marc. *Don't dress for dinner*. Adapted by Robin Hawdon, Samuel French, 1992.
- Camoletti, Marc. *Sex í sveit, í enskri leikgerð eftir Robin Howdon*. Íslenskun og staðfærsla eftir Gísli Rúnar Jónsson, Leikfélag Reykjavíkur, 1997/1998.
- Candiard, Céline. „Boeing-Boeing de Marc Camoletti : hypothèses sur un triomphe paradoxal“. *Loxias. Le boulevard, un théâtre à sortir du placard ?* 57(2017). (hal-04516514)
- Clapp, Susannah. „Nothing to lose but their trousers“. *The Guardian*, 3. september 2001.
- Coward, David. *A History of French Literature. From Chanson de geste to Cinema*: Blackwell Publishing, 2004.
- Dagný Kristjánsdóttir. „Sex í sumarbústað fyrir norðan...“. *Hugrás – Vefrit Hugvísindasviðs Háskóla Íslands*, 10. október 2019, <https://hugras.is/2019/10/sex-sumarbustad-fyrr-nordan/>.
- Dean, Joan F. „Joe Orton and the Redefinition of Farce“. *Theatre Journal* 34/4(1982): 481–492. doi.org/10.2307/3206810
- Dictionnaire de l'Académie française*. 1^{re} édition, 1694, <https://www.dictionnaire-academie.fr/article/A2V0083>
- „Douglas - Douglas sýnt hjá L.K.“. *Vísir*, 13. október 1966, 16. „Einn koss enn og ég segi ekki orð við Jónatan“. Leikfélag Hólmavíkur, http://www.holmavik.is/leikfelag/einn_koss_enn.htm, sótt 4. ágúst 2024
- Folco, Alice. „Feydeau, metteur en scène ?“. *Le Vaudeville à la scène*, Violaine Heyraud og Ariane Martinez (ritstj.), Grenoble: UGA Éditions (La Fabrique de l'œuvre), 2015, 71–80, doi.org/10.4000/books.ugaeditions.335
- Gidel, Henry. *Le Vaudeville*. París: Presses universitaires de France, 1986.
- Guðrún Baldvinsdóttir. „Ódýrir brandarar og úrelt efni“. *RÚV/Viðsjá*, 7. mars 2017, <https://nyr.ruv.is/frettir/menning-og-daegurmal/odyrir-brandarar-og-urelt-efni>.
- Heyraud, Violaine. „Mettre en scène Feydeau dans les années 2000“, í: Violaine Heyraud og Ariane Martinez (ritstj.), *Le Vaudeville à la scène*, Grenoble: UGA Éditions, 2015, 145–156, doi.org/10.4000/books.ugaeditions.364
- Heyraud, Violaine. „Introduction“ í Georges Feydeau, *Théâtre*. París: Gallimard (Bibliothèque de la Pléiade), 2021.

- Hólmfríður María Bjarnadóttir. „Drap femínisminn farsann?“ *Stúdentablaðið*, 6. apríl 2020, <https://studentabladid.is/efni/2020/4/6/drap-femnisminn-farsannnbsp>
- Ingbjörg Þórisdóttir. „Valinn maður í hverju rúmi“. *Morgunblaðið*, 1. mars 2011, 30.
- Jakob S. Jónsson. „Dómgreindin í frú?“. *Kjarninn*, 24. október 2019.
- Jaucourt, Louis de. „Vaudeville (poésie)“. *L'Encyclopédie, ou Dictionnaire raisonné des sciences, des arts et des métiers*, vol. XVI, Denis Diderot og Jean le Rond D'Alembert (ritstj.). París: Briasson, 1765.
- Jomaron, Jacqueline de, ritstj. *Le Théâtre en France, 2. De la Révolution à nos jours*. París: Armand Colin, 1989.
- Júlía Aradóttir. „Ný tegund ekki talin hættuleg þótt hún sé hávær“. *RÚV*, 3. október 2023, <https://www.ruv.is/frettir/menning-og-daegurmal/2023-10-03-ny-tegund-ekki-talin-haettuleg-thott-hun-se-havaer-392796>
- Klemenz Jónsson. Einkaskjalasafn. Lbs 2019/57, https://leikminjasafn.is/news/151/5/Klemenz-J%C3%B3nsson-1920-2002.-Einkaskjalasafn.-Lbs-201957./d,Safnkostur_detailTempl
- Kristín Sigurrós Einaradóttir. „Framúrskarandi frumsýning“. *Feykir*, 4. maí 2018, 6.
- Lacas, Héléne. „Vaudeville“. *Dictionnaire du Théâtre*. París: Albin Michel, 1998.
- Laera, Margherita. „Theatre Translation as Collaboration: Aleks Sierz, Martin Crimp, „Leikfélag Kópavogs að hefja starfsemi“. *Þjóðviljinn*, 14. október 1966, 5.
- „Nathalie Abrahami, Colin Teevan, Zoë Svendsen and Michael Walton discuss Translation for the Stage“. *Contemporary Theatre Review*, 21/2(2011) : 213–225. Leikminjasafn Íslands. <https://leikminjasafn.is>.
- Magnús Þór Þorbergsson. *A Stage for the Nation. Nation, Class, Identity and the Shaping of a Theatrical Field in Iceland 1850-1930*, ritgerð lögð fram til doktorsprófs. Reykjavík: Háskóli Íslands, 2017.
- María Kristjánsdóttir. „Að drepast úr hlátri“. *RÚV*, 17. október 2019, <https://www.ruv.is/frettir/menning-og-daegurmal/ad-drepast-ur-hlatri>.
- Minier, Márta. „Definitions, Dyads, Triads and Other Points of Connection in Translation and Adaptation Discourse“. Í *Translation and Adaptation in Theatre and Film*, ritstj. Katja Krebs, 13–35. London og New York: Routledge 2014.
- Mory, Christophe. „Les Raisons d'un triomphe: gentillesse, joyeuse soirée et efficacité théâtrale.“ Í Marc Camoletti, *Boeing Boeing*. París: Librairie théâtrale, 2019. Vii– xi.
- Nína Hjálmarsdóttir. „Afþreying sem þjónar tilgangi sínum“. *RÚV*, 28. september 2022, <https://www.ruv.is/frettir/menning-og-daegurmal/2022-09-28-afthreyingarfarsi-sem-thjonar-tilgangi-sinum>
- Observations sur une comédie de Molière intitulée Le Festin de Pierre*. París: Nicolas Pépingué, 1665.
- Orri Páll Ormarsson. „Kómedían fjármagnar alltaf tragedíuna“. *Morgunblaðið*, 12. mars 1998, 24.
- Pronko, Leonard C. *Georges Feydeau*. New York: Frederick Ungar, 1975.
- [Ram.], „Leikhúsið. ‘Glas af vatni’ eftir Scribe“. *Vísir*, 28. október 1928, 2.
- Rebekka Sif. „Hrakkföll og hláturrokur – Bara smástund! í Borgarleikhúsinu“.

- Lestrarkefni*, <https://lestrarkefni.is/2022/10/04/hrakfoll-og-hlaturrokur-bara-smastund-i-borgarleikhusinu/>, sótt 5. nóvember 2024.
- Sigríður Jónsdóttir. „Súrsæt sveitasæla“. *Fréttablaðið*, 12. október, 2019, 52.
- Silja Aðalsteinsdóttir. „Ég um mig frá mér til mín“. *Tímarit Máls og menningar*, 24. september 2022, <https://tmm.forlagid.is/eg-um-mig-fra-mer-til-min/>, sótt 5. nóvember 2024.
- Silja Aðalsteinsdóttir. „Sex í sveit: Blessunarleg hláturssprengja nú sem fyrr“, *Mannlíf*, 14. október 2019, <https://www.mannlif.is/frettir/leikdomur-sex-i-sveit-blessunarleg-hlatursprengja-nu-sem-fyrr/>
- Spielmann, Guy. „Le vaudeville, de la chanson au théâtre (XIV^e-XVIII^e)“, *Le Vaudeville à la scène*, Violaine Heyraud og Ariane Martinez (ritstj.), Grenoble: UGA Éditions (La Fabrique de l'œuvre), 2015: 19–28, doi.org/10.4000/books.ugaeditions.335
- Sveinn Einarsson. *Íslensk leiklist I-III, 1920–1960*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1991–2016.
- Sveinn Einarsson. *Leikmenntir. Um að nálgast það sem mann langar til að segja í leikebúsi*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2023.
- Sveinn Einarsson. „Helgileikir og herranætur“. *Skírnir*, 139 (1965): 103–126.
- „Sýninga- og aðsóknarmet í Borgarleikhúsinu: Auðhumla í sveitina“. *Morgunblaðið*, 30. mars 1999, 76.
- „Une heure de tranquillité“. *Théâtre online.com*, <https://www.theatreonline.com/Spectacle/Une-heure-de-tranquillite/42406#:~:text=Florian%20Zeller%20nous%20livre%20%C3%A0,pour%20notre%20plus%20grand%20bonheur>
- „Úti að aka – Hurðir“, myndband á youtube-rás Borgarleikhússins, 10. mars 2017.
- Venuti, Lawrence. *The Translator's Invisibility. A History of Translation*. London og New York: Routledge, 1995.
- Yon, Jean-Claude. „Scribe vaudevilliste pour le Gymnase“, *Le Vaudeville à la scène*. Violaine Heyraud og Ariane Martinez (ritstj.). Grenoble: UGA Éditions (La Fabrique de l'œuvre), 2015, 47–58. doi.org/10.4000/books.ugaeditions.335
- Þorgeir Tryggvason. „Einn koss enn og ég segi ekki orð við Jónatan. *Úr glerbúsinu*. *Leikdómasafn Þorgeirs Tryggvasonar*, 2. desember 2001, <https://leikdomar.blogspot.com/2001/12>.
- Örnólfur Árnason. „Sexurnar“. *Morgunblaðið*, 18. nóvember 1967, 15.

ÚTDRÁTTUR

**Franski farsinn á Íslandi:
París-Eyjafjörður með viðkomu á West End**

Þessi grein fjallar um þýðinga- og viðtökusögu franskra *vaudeville*-leikrita eða hurðafarsa á Íslandi, með sérstakri áherslu á gamanleiki leikskáldsins Marcs Camoletti sem skrifaði það franska leikrit sem oftast hefur verið leikið á heimsvísu, *Boeing-Boeing*. *Vaudeville*-gamanleikir hafa þá sérstöðu að söguþráðurinn snýst einna helst um að koma í veg fyrir að eitthvert misferli í einkalífinu komist upp; bygging þeirra er sterk og þolir aðlaganir. Saga franska farsans er rakin í stuttu máli, frá miðöldum til hurðafarsa 19. og 20. aldar, og spurt hvort þeir síðarnefndu eigi erindi til áhorfenda í dag. Farið er yfir helstu uppsetningar franskra farsa á íslenskum leiksviðum og litið til þess hvort þeir hafi verið aðlagðir nýjum áhorfendum eða ekki. Sjónum er beint að endurritun Gísla Rúnars Jónssonar á frönsku leikritunum og á leikritum breska leikskáldsins Rays Cooney, sem skrifaði hurðafarsa að franskri fyrirmynd. Frönsku leikritunum var yfirleitt vel tekið á Íslandi, bæði í þýðingum og aðlögunum, og svo virðist sem heimfærðar gerðir þeirra liggi jafnvel til grundvallar hinum íslenska sumarleyfisfarsa.

Lykilorð: gamanleikur, farsi, hurðafarsar, leikritaþýðingar, aðlaganir

The French farce in Iceland via West End

This article traces the translation and reception history of French *vaudeville*-comedy in Iceland, with a special focus on plays by Marc Camoletti, who wrote the all-time popular *Boeing-Boeing*. *Vaudeville*-comedies are characterized by the plot which revolves primarily around preventing some private misconduct from coming to light; their construction is strong and can withstand the strain of adaptation and domestication. The history of French farce is briefly traced, from the Middle Ages to the *vaudeville* of the 19th and 20th centuries and considered whether the latter still have something to convey to today's audiences. The main productions of French farces on Icelandic stages are reviewed in terms of whether they have been adapted to new audiences or not. A special focus is given to Gísli Rúnar Jónsson's rewriting of the French plays and on those of British playwright Ray Cooney, whose bedroom farces are based on the *vaudeville* model. The French plays were usually well received in Iceland, both in translations and adaptations, and it seems that their domesticated versions even form, at least in part, the basis of the vernacular Icelandic summer holiday farce.

Keywords: comedy, farce, vaudeville, theatre translation, adaptations

Úr brunnum gleyskunnar: Skrif miðamerískra kvenna á fyrri hluta 20. aldar¹

Þegar horft er til bókmennta í smárikjum Mið-Ameríku gegndi ljóðið lengst af lykilhlutverki, smásagan var vinsæl, og skáldsagan sat í öndvegi. Hér á eftir verður sjónum beint að stuttum prósatextum og ljóðum frá upphafi 20. aldar, tímabilinu þegar stjórn málaátök mótuðu mjög áherslur innan bókmennta og listalífs í álfunni og stefnan sem kennd er við framúrstefnu (s. *vanguardia*) réð ríkjum.² Markmiðið er að varpa ljósi á það hvernig sú menningarlega uppstokkun sem birtist í bókmenntum Mið-Ameríku snemma á öldinni, þar sem efnistöð einkenndust af nýstárlegri endurskoðun á sjálfsm myndum þjóða álfunnar og bókmenntatilaunum, skapaði konum aukið rými á vettvangi bókmennta.³ Þær bættu umræðu um konur og stöðu kvenna í samfélaginu við klassísk efnistöð um sjálfmyndir og alþýðumeningu og spyrja má hvort einmitt þau efnistöð hafi ráðið jaðarsetningu þeirra við ritun

1 Hasan Karakilinc, doktorsnema í spænsku við Háskóla Íslands og Toulouse háskóla í Frakklandi, er þökkud líðveisla við heimildaöflun.

2 Margarita Rojas útskýrir hvernig framúrstefnan fylgdi í kjölfar móðernismans í Mið-Ameríku og hvernig stjórn málaóreiða réð úrslitum um þróun beggja hreyfinga. „El modernismo centroamericano“, *Revista digital para los curiosos del modernism*. 1991, bls. 10. <https://magazinmodernista.com/2009/01/14/dario-y-el-modernismo-centroamericano/> Sjá einnig ítarlega umfjöllun Adrian Taylor Kane í *Central American Avant-Garde Narrative* (2014).

3 Chang-Rodríguez og Filer tiltaka ljóðskáldin Vicente Huidobro (Síle, 1893–1948) og César Vallejo (Perú, 1892–1938) sem frumkvöðla hreyfingarinnar. Í kjölfarið fylgdu svo „Pablo Neruda frá Síle, César Vallejo frá Perú, Jorge Luis Borges frá Argentínu og Nicolás Guillén frá Kúbu“. *Aproximaciones*, 2017, bls. 305.

hinnar hefðbundnu bókmenntasögu álfunnar. Í umfjölluninni verður brugðið upp svipmyndum af skrifum þeirra Carmenar Sobalvarro (Níkaragva, 1908–1947/8), Matilde Elena López (El Salvador, 1923–2010), Pilar Bolaños (El Salvador, 1923–1961) og Yolöndu Oreamuno (Kostaríku, 1916–1956).

Straumar og stefnur

Til að setja bókmenntir Mið-Ameríku í sögulegt samhengi er vert að hafa í huga að flest lönd álfunnar öðluðust sjálfstæði á árunum 1810 og 1820 og stóran hluta 19. aldar reyndist það ekki aðal áhyggjuefni ráða- eða menntamanna að slíta tengslin við Evrópu, og á það við um atvinnu og efnahagsmál, jafnt sem menningu og listir. Nýlendufyrirkomulagið var rótgróið og byggðist á útflutningi matvæla og náttúruauðlinda (s. *sistema extractivista*).⁴ Frjálshyggja, pósítívismi og sambandshyggja voru þeir valkostir sem ígrundaðir voru og pólitísk yfirstétt fylgdi því fyrirkomulagi að málum, rétt eins og margir áberandi menntamenn og rithöfundar þess tíma.

Gallinn við það að sækja fyrirmyndir til Evrópu var sá að þrátt fyrir að það stuðlaði að nútímavæðingu og rofi frá nýlendutímanum, gerði það lítið fyrir viðleitni fjölmargra ríkja álfunnar til að skapa sína eigin sjálfmynd. Álfan gæti virst nútímaleg, en væri varla annað en eftirlíking af frumgerðinni. Verið var að skipta einu nýlendufyrirkomulagi út fyrir annað.⁵

Við upphaf 20. aldar urðu hins vegar umtalsverð umskipti. Vaxandi áhrif Bandaríkjanna, iðnvæðing, fólksfjölgun, þéttbýlismyndun, skipulag vinnumarkaðar, vaxandi millistétt, viðvarandi misskipting auðs og breytt stjórnskipulag einkenndu þetta tímabil. „Kreppan, með umtalsverðum samdrætti í útflutningi, skók stoðirnar.“⁶

Þessar þjóðfélagsbreytingar endurspegluðust í listum. Raunsæis-
hyggjan – sem einkenndi síðari hluta 19. aldar – var dregin í efa.

4 Hólmfríður Garðarsdóttir, *Fléttur* VI, 2023, bls. 97–121.

5 Bakewell, 2004, bls. 487.

6 Bakewell, 2004, bls. 515.

Áhrifa módernismans gætti í endurnýjun ljóðformsins, frjálsari stílbrigðum og uppstokkun tungumálsins. Með framúrstefnunni fór af stað róttækari framsetning álitamála auk nýstárlegra og áhrifamikilla formtilrauna.⁷ Sjónum var í auknum mæli beint að því staðbundna. Þessar breytingar birtust mishratt innan ólíkra bókmenntagreina. Ljóðformið tók mestum breytingum og ljóðskáldin gengu lengst í því að tileinka sér nýstárlega framsetningu og áleitni efnistöð. Jean Franco tekur undir málflutning José Emilio Pacheco um að framúrstefnan, eins og hún birtist í Rómönsku Ameríku, hafi verið tvíþætt. Annars vegar lúti hún að aðlögun spænskrar tungu að aðstæðum á hverjum stað en hins vegar birtist hún í hápólitískri afstöðu til álitamála samtímans. Franco ítrekar að for-gengismenn stefnunnar hafi látið skoðanir sínar og gildismat skýrt í ljós í verkum sínum.⁸ Áður en kannað er hvernig umrædd umskipti opnuðu konum leið inn á svið bókmenntanna, þar sem karlar sátu fyrir, er nauðsynlegt að skilja ögn betur helstu einkenni framúrstefnunnar sem svo mjög mótaði bókmenntir og listir á fyrri hluta 20. aldar.

Forvígismenn hreyfingarinnar í Rómönsku Ameríku voru andraunsæismenn en álitu módernismann gamaldags, íhaldssaman og rötgróinn. Yngri höfundar létu sig þjóðfélagsmál varða og beindu sjónum að staðbundnum aðstæðum. Þeir litu enn til evrópskra fyrirmynda en mátuðu þær við eigin veruleika. Naomi Lindstrom lýsir því svo:

[...] þeir fóru að taka tillit til sértækra menningar- og sögulegra aðstæðna, auk þarfa tiltekinna svæða og þjóða. [Þeir] sóttust eftir hraðari og straumlínulagaðri tjáningu, án málskrúðs eða orðalenginga. Þeir studdust við tjáningarform sem hæfði síbreytilegum samtíma. Textar þeirra urðu sundurleitir og þar réð tilraunakennd aðferð við persónusköpun og meðferð tíma og rúms.⁹

7 Bakewell bendir á það í kafla sem hann titlar „Defining themselves“ (2004, bls. 486–491), að mexíkósku vegglistamennirnir Diego Rivera (1886–1957), José Clemente Orozco (1883–1949) og David Siqueiros (1898–1974) hafi í verkum sínum lofað „the perceived native identity, whether pre-conquest or present“ (bls. 490).

8 Pacheco, 1979, bls. 329. Franco, 1998, bls. 269. Hún kemst að því að „[...] se dedica a la exploración del lenguaje poético y que rechaza la temática social, y la otra ‚comprometida“.

9 Naomi Lindstrom, 1994, bls. 63.

Í þessu samhengi losnuðu bókmenntir tímabilsins undan kröfunni um leit að háleitri fegurð og hverfðust þess í stað í auknum mæli að því að leita hins ljóðræna í prósatextum og kafa ofan í afkima sjálfsins. Skáld eins og Gabriela Mistral, Vicente Huidobro og Pablo Neruda frá Síle, Octavio Paz frá Mexíkó, Nicolás Guillén og José Lezama Lima frá Kúbu, Luis Palés Matos frá Púerto Ríkó, Jorge Luis Borges og Oliverio Girondo frá Argentínu og Ernesto Cardenal frá Níkaragva, settu afgerandi mark sitt á bókmenntir álfunnar. Í ljóðagerð þeirra má glögggt greina hvernig pólitískar hræringar móta listsköpun og hvernig einkennandi þáttur framúrstefnunnar felst í því að innlima listsköpun alþýðufólks, frumbyggja og afrískra íbúa álfunnar. Philip Swanson orðar það svo:

Ef raunsæisbókmenntir fólu í sér tiltekin gildi og hugmynd um ytri félagslegan veruleika, þá gáfu nýstárleg skrif tuttugustu aldar til kynna enn víðtækari tilvistar- eða frumspækilega óvissu. Á síðum þeirra var hugmyndin um veruleikann vandamál og lífið sjálft var mögulega merkingarlaust.¹⁰

Hvað stílbrögð varðar, var leitað að hinu frumlega og óvænta, sem og því hlutbundna og almenna.¹¹ Kíminn undirtónn var áberandi auk þess sem hefðbundinni setningaskipan og greinarmerkjasetningu var ögrað.¹² Þannig yrkir Pablo Neruda í þýðingu Ingibjargar Haraldsdóttur:

Stundum þreytir það mig að vera maður [...] / uppþornaður, ónæmur, eins og flókasvanur / siglandi á vatni upphafs og ösku [...] Ég spássera í makindum, með augu, með skó / með ofsareiði, með gleymsku / geng áfram, fer um [...] húsgarða þar sem föt hanga á vír til þerris: / nærbuxur, handklæði og skyrtur sem gráta / þungum skítugum tárum.¹³

Yrkisefni Neruda og samtímaskálda hans vitna um hversu hröð samfélagsleg uppstokkun var í syðstu ríkjum álfunnar, Argentínu,

10 Philip Swanson, 2008, bls. 42.

11 Þýðing á hugtökunum: „anti-sentimentalismo“ og „anti-anecdotal“.

12 Chang-Rodríguez og Filer 2017, bls. 305.

13 Neruda í ljóðinu „Walking around“, *Hafþið starfar í þögn minni*, 2018, bls. 79 og 81.

Síle og Úrúgvæ, auk Brasilíu, og hversu afdrifaríkt umrótið reyndist. Bókmenntirnar urðu mikilvægur vettvangur til að spyrna við fótum, ígrunda og draga upp myndir af átökum og umdeildum félagslegum aðstæðum. Þungamiðja umræddrar túlkunar birtist í bundnu og óbundnu máli, þótt ljóðformið hafi reynst einstaklega gjöfult, urðu hápólítískar vangaveltur um sögu, menningu og samfélag ráðandi leiðarstef. Menningarfrömuðir álfunnar lögðu sín lóð á vogarskálar uppfærslu sjálfsmynda landanna um leið og horft var til framtíðar og leitað sameiginlegra samnefnara. Þeir gerðu sitt besta til að „endurmóta sjálfsmynd Suður-Ameríku gagnvart Evrópu“.¹⁴

Í bókinni *Central American Avant-Garde Narrative* (2014) skoðar höfundurinn, Adrian Taylor Kane, það sem hann kallar „gleymda texta“ Mið-Amerískra rithöfunda (s. *narrativas olvidadas*) til að sýna fram á að þessi listræna hreyfing hafi ekki aðeins blómstrað heldur verið ótrúlega mikilvæg og áhrifamikil. Taylor Kane heldur því fram að rannsóknir á framúrstefnu Mið-Ameríku hafi fyrst og fremst beinst að ljóðum og stefnuskrám mismunandi hópa, á meðan prósatextar hafi lengi verið hunsaðir.¹⁵ Enn fremur segir hann að þótt framúrstefnuhöfundar álfunnar hafi greinilega verið undir áhrifum frá evrópskum jafnöldrum sínum hafi hreyfingin þróast og hverfst um svæðisbundin menningaráhrif. Hann leggur áherslu á að ekkert ríki í Mið-Ameríku, annað en Níkaragva, hafi búið að samræmdri framúrstefnuhreyfingu, sem að hluta til skýri hvers vegna fjöldi höfunda sem aðhylltust hreyfinguna hafi fallið óbættir hjá garði í skrásetningu bókmenntasögu svæðisins.

Rétt eins og verið hafði um raunsæisstefnuna og móðernismann mótaðist hreyfingin af virkri þátttöku karla, langt umfram konur. Bókmenntaframlag kvenna var jafnarsett, talið minniháttar eða síðra og oft hunsað í safnrítum og innan bókmenntafræðilegrar greiningar. Innganga þeirra í þessi afmörkuðu, karllægu rými táknaði stílfræðilega endurnýjun og tilraunir, sem áttu sér stað á mismunandi hraða í mismunandi löndum og í mismunandi formum, svo sem ljóðum, prósatextum ýmiskonar og ritgerðum.

14 Gelado 2008, bls. 653.

15 Taylor Kane byggir rannsóknir sínar fyrst og fremst á greiningu verka eftir karlhöfunda eins og Miguel Ángel Asturias, Luis Cardoza Aragón og Flavio Herrera (Gvatemala), Rogelio Sinán (Panama) og Max Jiménez (Kostaríku/Argentínu).

Meðal þessara týndu radda – og sjónum verður beint að hér á eftir – er að finna eftirtektarverðan tilraunaskáldskap kvenna, enda einkennast verk þeirra af stílfræðilegum tilraunum og truflandi formum, samtímis því að bera á borð djörf og ögrandi efnistöð, sem oftast en ekki hverfast um stöðu kvenna eða beina athygli lesenda að ætluðum hlutverkum þeirra.

Níkaragva

Við upphaf tuttugustu aldar einkenndist stjórn mála- og menningarlíf Níkaragva af pólitískum óstöðugleika og átökum. Um það réðu annars vegar hernám Bandaríkjamanna (1912–1933)¹⁶ og hins vegar andspyrna skæruliðahreyfingar Augustos Sandino.¹⁷ Á menningar sviðinu var arfleifð ljóðskáldsins Rubéns Darío alltumlykjandi.¹⁸ Darío, sem kallaður hefur verið „faðir“ módernismans í Rómönsku Ameríku, stokkaði með afgerandi hætti upp í ríkjandi raunsæishyggju og gaf ímyndunaraflinu nýtt hlutverk innan bókmennta. Í kjölfar fyrri heimsstyrjaldarinnar spratt svo framúrstefnuhreyfingin fram í Níkaragva, undir forystu hóps fyrrverandi nemenda Mið-Ameríku skólans (s. *Colegio Centro-América*), í borginni Granada, undir forystu ljóðskáldanna Josés Coronel Urtecho, Pablos Antonio Cuadra og Joaquíns Pasos.

„Framúrstefnan naut mikillar hylli í Níkaragva. Efnilegustu ungskáldin fylgdu henni að málum og bundið mál varð vettvangur nýsköpunar í bókmenntum. Ljóðformið varð vettvangur pólitískrar umræðu.“¹⁹ Með útgáfu bókarinnar Óður til Rúbens Darío (s. *Oda a Rubén Darío*), beindi hópurinn gagnrýni sinni að arfleifð Daríos og setti fram stefnuskrá hreyfingarinnar. Í tilraunum sínum til að nútímavæða bókmenntalega tjáningu brugðu ungskáldin á það ráð að nota kaldhæðni og fátánleika til að hæðast að arfleifð módernism-

16 Einnig þekkt sem „bananastríðin“ (las „guerras bananeras“). Upphafleg ástæða átakanna var ætluð Bandaríkjanna að byggja skipaskurð innan landamæra Níkaragva.

17 César Augusto Sandino (1893–1934) var og er þekktasta frelsishefja Níkaragva. Við kenningar hans studdust byltingaröflin FSLN (s. *Frente Sandinista de Liberación Nacional*) sem náðu völdum í landinu, af einræðisherranum Anastacio Somoza, árið 1979 og héldu þeim til 1990. Sandinistahreyfingin var kosin til valda að nýju árið 2006 og heldur þeim enn.

18 Darío leitaðist við að tjá nýja gerð þjóðerniskennar sem um tíma naut mikillar hylli.

19 Naomi Lindstrom 1994, bls. 70.

ans.²⁰ Þeim var gjarnan lýst sem hvatamönnum „kínfónískra ljóða“, ljóða þar sem hljómfall talmáls alþýðufólks naut sín, og þar sem þeir lofuðu dægurmenningu Níkaragva og þjóðerniskennd, öfugt við það sem þeir álitu að borgaralegar bókmenntir módernismans gerðu.²¹

Framlag framúrstefnuhreyfingarinnar í bókmenntasögu landsins hefur verið ítarlega skráð og greint, þótt flest safnrit og fræðibækur um efnið hunsí framlag eins merkasta skálds og rithöfundar tímabilsins Carmenar Sobalvarro (1908–1947).²² Það ræðst væntanlega af skorti á ævisögulegum heimildum, er lítið er vitað um líf Sobalvarro og ritverk hennar voru til langs tíma nær óþekkt, enda þótt hún hafi gegnt mikilvægu hlutverki sem rithöfundur og pólitískur aktívisti.²³ Vitað er að Sobalvarro fæddist í litlu sveitaþorpi í norðurhluta Níkaragva árið 1908. Ljóðskáldið og fræðikonan Helena Ramos hefur rannsakað bókmenntaframlag Sobalvarro og bent á að fjarvera hennar úr bókmenntasögu Níkaragva skýrirst e.t.v. af því að hún bjó hluta ævi sinnar í Hondúras og orti þar, skrifaði og gaf út.²⁴

Af endurheimtum heimildum má ráða að Sobalvarro hafi stigið inn á svið bókmenntanna með því að birta pistla og greinar í staðbundnum dagblöðum en hennar er fyrst getið í tímaritinu *Graphic*, sem gefið var út í höfuðborg Níkaragva, 3. nóvember 1929. Prósaljóð hennar „Rós“ („Una rosa“) og „Ég vildi vera ...“ („Yo quisiera ser ...“), birtust síðar í sama blaði. Fyrstu verk hennar bera módernísk og rómantísk einkenni og verða vart flokkuð sem sérlega nýstárleg. Í umræddum skrifum gætir tilfinningalegrar huglægni, nokkuð sem Ramos flokkar sem kvenlega fagurfræði og líta má á

20 Sjá: „Ligera exposición y proclama de la Anti-Academia Nicaragüense“. Grein úr *Diario nicaragüense*, Granada, frá því í apríl, 1931.

21 Hugtakið „cinfonía“ vísar til talmáls alþýðufólks en prósaljóðið „Chinfonía burguesa“, eftir Joaquín Pasos og José Coronel Urtecho, birtist fyrst árið 1931. Það var síðan endurritað sem einþáttungur til uppsetningar á sviði árið 1936. Sjá umfjöllun Vicky Unruh í „Chinfonía burguesa: A Linguistic Manifesto of Nicaragua’s Avant-Garde“, frá 1987. <https://journals.ku.edu/latr/article/view/683/658>

22 Dánardagur óþekktur. Gjarnan er tiltekið að hann hafi verið 1947 eða 1948.

23 Helena Ramos bendir á að verk Sobalvarro hafi fallið í gleymsku og ítrekar að fáir muni lengur eftir henni („Nadie recuerda a Carmen Sobalvarro“, 46). Hún beindi því kröftum sínum að því að taka viðtöl við samtímafolk hennar. Sjá: „Escritoras nicaragüenses: un festín de marginalidad“, sem út kom 2004.

24 Helena Ramos 2004, bls. 45–58.

sem feimnislega tilraun til að hnekkja ríkjandi hefðum innan bókmenntaelítu hennar daga. Með það í huga ávarpar hún gjarnan konur í ljóðum sínum, mæður, vinkonur og ungar stelpur, og vísar síendurtekið til mikilvægis kvenna. Í ljóðinu „Cantar II“ yrkir hún: „Margarita, Carmen, Ana / þið syngið um sigrana / mín ástríða / ég endurtek / beinist að þjóð vorri.“²⁵ Það var ekki fyrr en nokkru síðar, eða upp úr 1930, að verk hennar verða pólitískari og staða kvenna verður síendurtekið og áberandi umfjöllunarefni. Sobalvarro tekur upp samstarf við tímaritið Konur Níkaragva (*Mujeres de Nicaragua*) og það var með skrifum sínum á þeim vettvangi sem hún öðlaðist fyrst opinbera viðurkenningu.²⁶

Sobalvarro naut vaxandi viðurkenningar innan bókmennta, stjórn mála og í opinberri umræðu. Árið 1931 lagði hún land undir fót og ferðaðist til borgarinnar Granada í Níkaragva og gekk til liðs við framúrstefnuhópinn sem fyrr er getið. Ásamt karlkyns félögum sínum skrifar hún undir stefnuskrá and-akademíunnar (s. *Anti-Academia Nicaragüense*) og gerir þannig tengsl sín við hreyfinguna opinbera. Hvernig samskiptum við kollega úr framúrstefnuhópnum var háttað er ekki vitað og fræðimenn takast á um það hvort hún hafi – sem eina konan í hópnum – notið sannmælis. Pablo Antonio Cuadra, einn af meðlimum hópsins, lýsir aðkomu hennar með eftirfarandi hætti: „Allt í einu birtist þessi fallega sveitastúlka með leiftrandi augu. Hún færði okkur rómantísk ljóð sín, jafn falleg og fersk og plantekjur norðursins. Þetta var Carmen Sobalvarro, angurvær ástkona Sandinos.“²⁷

Þessi tilvitnun vekur upp ýmsar spurningar um hlutverk hennar og framlag til hópsins. Annars vegar virðist hún hafa gegnt hlutverki ljóðrænnar „skáldagyðju“ (*musa*) og verið tengiliður hópsins við uppreisnaröfl Sandinista eða jafnvel Sandino sjálfan. Sumar heimildir ganga jafnvel svo langt að segja að hún hafi gengið til liðs við hreyfinguna sem málsvari Sandinista, þar sem flestir meðlimir

25 Hún minnir þjóð sína (Níkaragva) á mikilvægi kvenna og yrkir: „Þessi lofgjörð er frá konum þínum komin“ [„Será de tus mujeres ese cantar glorioso“] og „Það verða konurnar sem gefa þér líf!“ [„Y serán tus mujeres las que te den la vida!“]. Úr ljóðinu „Þú vaknar einn dag ...“ [„Despertarás un día ...“], *Cantos a Nicaragua* (1938). (Finzer, 2022, bls. 465).

26 *Diccionario de escritores nicaraguenses* (s. „Safnrit um höfunda frá Níkaragva“), 1994. Sobalvarro var gjarnan tilgreind sem ein af ástkonum byltingarhetjunnar Augusto Sandino og samkvæmt Jorge Eduardo Arellano sendi hún hershöfðingjanum safn skrifa sinna og ljóða árið 1929.

27 Cuadra 1986, bls. 164.

hópsins hafi komið frá efri-miðstéttar fjölskyldum og fylgt íhaldsmönnum að málum. Hins vegar hefur gagnrýnandinn Helena Ramos bent á að framlag Sobalvarro til framúrstefnunnar sé umtalsvert og að unga konan hafi verið tekin inn í hópinn þökk sé verðleikum hennar á sviði bókmennta.²⁸ Hún veltir einnig upp þeim möguleika að pólitísk áhrif hennar sem málsvara Sandinista og reynsla hennar meðal skæruliðasveita þeirra, hafi stuðlað að því að móta og styrkja sýn hópsins þegar kom að því að skilgreina hlutverk framúrstefnunnar sem andófsafls. Í prósaljóðinu „Hljóðlega“ („Silenciosamente“) beinir hún máli sínu til skæruliðans og segir: „Þú ert frjáls eins og vindurinn og fugl skógarins, en samt fjötraður í tilbeiðslu barnslegrar viðkvæmni [...] Ég skynja kvöl þína [...] og leyndarmál.“²⁹

Nýleg enduruppgötvun á skrifum Sobalvarro, sem telja sjö prósaljóð og fjölda pistla, afhjúpar nokkur ríkjandi einkenni sem fela í sér óbundið form spænskrar rómantíkur. Eins og vikið var að einkennast skrif hennar af myndlíkingum og hverfast gjarnan um hversdagslíf kvenna. Á sama tíma vitna önnur skrif hennar um hversu samofin ljóðin eru baráttunni fyrir uppstokkun ýmiss konar. Má þar nefna ljóðið Indjánastúlka frá Níkaragva („Indita de Nicaragua“), sem upphefur þjóðerniskennd og afhjúpar tilraun til að breyta viðhorfum með kaldhæðni. Hún gagnrýnir ítök Bandaríkjanna í álfunni og segir ...: „Fölleiti kanatittur (*yankecito*) ekki fara á fjörurnar við mig. Ég kýs heldur að fara með frumbyggja út á kornakurinn. Ég er hitabeltisblóm (*flor tropical*) og þótt mér sé sagt að land þitt sé fagurt og auðlegð þar mikil, vel ég að ganga hér berfætt um grundir og gæða mér á banana.“

Yankecito de buen color,
no me pidas amor ...
Porque con un indio me voy
al verdecito maizal
porque soy flor tropical.
Tu país es muy hermoso
y dicen ... que es muy lujoso

28 Ramos 2004, bls. 50.

29 Finzer, *Modern Women Intellectuals...*, 2022, bls. 461.

y que hay muy ricas manzanas;
 pero a mí me dan más ganas
 de andar descalza en mis llanos
 comiendo dulces bananos ...³⁰

Þegar skoðaðar eru skilgreiningar á fagurfræði þess tímabils sem hér um ræðir má finna framsetningu rómantískis myndmáls sem hlaðið er samfélagsgagnrýni og efasemdum um ríkjandi heimsvaldastefnu. Ljóðið „Sorgin á mig alla“ („Toda estoy triste“), skrifað stuttu eftir morðið á Sandino, endurspeglar einmitt þessa framsetningu. Ljóðmælandi andvarpar að ástmögurinn sé horfinn og biður jafnt fiðrildi sem fugla um liðsinni við leitina um skógivaxið fjallendið, en án árangurs. Milli línanna má lesa til hvers er ort og hver beri ábyrgð á hvarfi viðfangsins.³¹ Ljóðið naut mikilla vinsælda meðal kvenna í Mið-Ameríku og vakti enn frekari athygli á skrifum Sobalvarro, enda fór hér í senn framúrskarandi skáld og málsvari syrgjandi kvenna um álfuna endilanga á umbrotatímum.³²

Eftir að Somoza komst til valda neyddist Sobalvarro til að yfirgefa Níkaragva og fara í útlegð. Staðfest er að hún bjó víða og varð þekkt fyrir pólitíska virkni sína, jafnvel þótt hún hafi fallið í gleymsku fyrir andlát sitt seint á fjórða áratugnum. Daisy Zamora lýsir fyrstu skrifum hennar sem „frumstæðum, settum fram í óbundnu máli“.³³ Helena Ramos bætir við að í skrifum sínum beini Sobalvarro, ólíkt öðrum rithöfundum á fyrri hluta 20. aldar, gjarnan sjónum að málefnum og stöðu kvenna.³⁴

Í ljósi nýrra rannsókna er mikilvægi Sobalvarro á vettvangi framúrstefnubókmennta í Níkaragva staðfest og virk þátttaka hennar meðal pólitískra aðgerðarsinna álitin einstök. Á bókmenntasviðinu sker hún sig úr fyrir að vera kona, sandinisti og „vanguardista“. Á opinberum vettvangi fyrir að vera málsvari kvenna og óþreytandi aktívisti. Þessar margvíslegu leiðir til að ögra hefðbundnum við-

30 Finzer 2022, bls. 457.

31 Avellán (ritstj.). *Poemas a Sandino*, 1984, bls. 21.

32 Finzer bendir á að: „Sobalvarro’s mastery of chifonía speaks to her lyric command of *el habla nicaragiense* and the popular genres of her day. Pivoting from strategically sentimental verse to acerbic social critiques, she establishes herself as an accomplished and complex poet“ (2022, bls. 462).

33 Zamora 1991, bls. 936.

34 Ramos 2014, bls. 51.

horfum til kvenna gætu útskýrt það hvers vegna arfleifð hennar var, viljandi eða ekki, jaðarsett um áratuga skeið og framhjá henni litið. Ennfremur gætu efnistök skrifa hennar, sem lúta að umráðarétti kvenna yfir eigin líkama og lífi, félagslegri stöðu og réttindum kvenna, einnig ráðið einhverju um útilokun og gleymsku.

El Salvador

Í El Salvador gætti áhrifa framúrstefnunnar síðar en í Níkaragva því þar réð módernismi för í bókmenntalífi landsins fram á fjórða áratug 20. aldar.³⁵ Fyrstu óræðu áhrifa hreyfingarinnar komu fram í kjölfar átaka sem rekja má til lækkunar kaffiverðs árið 1929. Efnahagsleg, pólitísk og félagsleg kreppa skall á og stuðlaði að stofnun einræðis eftir valdarán undir forystu Maximilianos Hernández Martínez hershöfðingja árið 1931. Ógnarstjórn og kúgun voru daglegt brauð, ásamt því sem íhaldssemi hverskonar var haldið á lofti. Stöðnun varð áþreifanleg á menningarsviðum en svæðisbundnum andspyrnuöflum óx fljótlega fiskur um hrygg og skáld og rithöfundar innan þeirra vébanda beindu sjónum að því óréttlæti sem dreifbýlið og bændasamfélagið var beitt.

Í þessu andrúmslofti kemur fram nýr hópur menntamanna sem heldur á lofti endurnýjun þjóðlegra bókmennta undir áhrifum framúrstefnunnar. Þessi kynslóð rithöfunda og skálda setti fram róttæk viðbrögð við úreltum fagurfræðilegum viðmiðum. Hópurinn tók pólitíska afstöðu og staðsetti sig gegn einræðinu og stuðlaði ásamt öðrum að falli ríkisstjórnar Martínez árið 1944. Það er ástæða þess að hópurinn var síðar auðkenndur sem '44 kynslóðin.³⁶ Meðlimir hópsins kynntu bókmenntir breytinga, með rætur í hugmyndafræði vinstrianna. Þeir kynntu til leiks framsýnar framúrstefnubókmenntir, ekki aðeins hvað efnistök og afstöðu varðaði, heldur ekki hvað síst í málnotkun og tilraunum með form. Þeir skilgreindu bókmenntir sínar sem málsvara þjóðfrelsis sem byggðist á mannlegri reisn og viðspyrnu gegn hnignun. '44 kynslóðin náði fljótt þroska og tók þátt í að móta skapandi tilraunakennt um-

35 Toruño 1957, bls. 57.

36 López 1998, bls. 97.

hverfi þar sem framúrstefnan, með djúpar rætur í sögulegri fortíð landsins blómstraði. Meðal merkra meðlima hópsins voru Antonio Gamero, þekktur sem villta skáldið, Pedro Geofroy Rivas, Hugo Lindo, Oswaldo Escobar Velado, José María Méndez og Matilde Elena López, stofnmeðlimur Samtaka andfasískra rithöfunda og listafólks (s. *Asociación de escritores y artistas antifascistas*), skáld, ritgerðarhöfundur, kennari og bókmenntafræðingur.

Matilde Elena López (1923–2010) er talin einn fjölhæfasti og afkastamesti rithöfundur El Salvador á 20. öld. Hún hóf langan feril sinn þegar hún var enn á unglingsaldri með því að gefa út ljóð. Þegar hún var 16 ára var falast eftir því að hún skrifaði pistla í dagblaðið *Diario Nuevo* og fjallaði um kvenréttindi og bókmenntir.³⁷ Eftir henni var tekið og hún naut vaxandi viðurkenningar fyrir greinar sínar, prósaljóð og stuttar ritgerðir í innlendum tímaritum og dagblöðum eins og *El Diario de Hoy*, þar sem hún sýndi ekki aðeins hæfni og færni á vettvangi bókmenna, heldur einnig pólitíska staðfestu.³⁸

Enda þótt hún hafi ekki litið á sig sem femínista í upphafi rithöfundarferils síns beitti hún sér fyrir samþættingu sjónarmiða kvenna í félagslegri og pólitískri umræðu.³⁹ Hún fylgdi róttækri endurnýjunarsýn '44 kynslóðarinnar að málum. Í verkum hennar birtast nýstárlegar myndir af konum, framsetning sem var vissulega í samræmi við þær byltingarkenndu hugmyndir sem umrædd kynslóð menntamanna hélt á lofti en náðu ógjarnan til kvenna. Þannig urðu skrif hennar vettvangur ögrandi þjóðfélagsumræðu og var ætlað að auka pólitíska vitund samferðafólks. Á einum stað segir hún:

Við gerum kröfu til þess að ljóð tjái ekki einungis rómaníska eða epíska frásögn. Við viljum að ljóð nútímans tjái eitthvað djúpstæðara, jafnvel eitthvað yfirskilvitlegt. Eitthvað innilegt og upphafið. Við viljum andmælandi, ígrundandi og lágstemmd ljóð.⁴⁰

37 Dálkurinn sem hún fékk til umráða bar yfirskriftina „Samtal við konur“ (s. „Charlando con ellas“).

38 Velásquez 2007, bls. 253–265.

39 Velásquez 2007, bls. 257.

40 „Grupo Seis, entidad cultural y literaria de El Salvador.“ *Diario Latino*, 16. mars, 1942.

Í skrifum sínum setur López fram hugmyndafræði þar sem valdefling kvenna er mikilvæg. Í ritgerð sinni „Niður með léttúðugar dúkkur“ („*Eliminamos muñecas frívolas*“), sem birt var í dagblaðinu *El Diario de Hoy*, árið 1942, útskýrir hún: „Það gefst enginn tími til að læra á tælingarvopnin. Konur ættu ekki að eyða tíma í léttúð. Það er kominn tími til að þær verði meðvitaðar um eigið lærdómsferli og að við styðjumst við dæmi víða að úr heiminum [...]“. Í annarri grein, sem birt var árið eftir í sama blaði, segir hún:

Menntakonur samtímans beina ekki kröftum sínum eingöngu að því að yrkja. Þeim er umhugað um lausn mikilvægra þjóðfélagsmála [...]. Konur hafa fundið verðugan vettvang til aðgerða og framlag þeirra mun án efa hafa afgerandi áhrif. Þær munu tryggja frekari framfarir og stuðla að blómlegu menningarlífi í El Salvador.⁴¹

Í prósaljóði sem hún kallar „Skilaboð til Amerískra kvenna“ („*Mensaje a las mujeres de América*“), segir í lauslegri þýðingu: „Megi sigurinn sem Maya-indjána-konurnar tryggðu verða kveikjan að draumum Inka-indjána-kvenna. Þær eru hinar raunverulegu dætur Ameríku („*hijas de América*“).⁴² Og í prósaljóði sínu „Söngur Izalco indjána“⁴³, eru það fjöldamorð á frumbyggjum sem eiga hug hennar allan. Þar segir hún ...: „tuttugu þúsund féllu fyrir það eitt að biðja um brauð“. Í framhaldinu vísar hún til þeirra sem bræðra, til augna þeirra sem rósa og baráttukraftinn ber hún saman við eldgos.⁴⁴

Tilvist Lópezar í El Salvador einkenndist af virkri þátttöku hennar í Lýðræðisfylkingu kvenna, þar sem hún lagði sitt af mörkum í baráttunni fyrir réttindum kvenna, og í vaxandi félagslegri og pólitískri virkni gegn einræðinu.⁴⁵ Eftir stutt lýðræðistímabil neyddi annað valdarán hersins, undir forystu Osmíns Aguirre y Salinas ofursta, López, sem og aðra pólitíska andstæðinga, til að flýja El Salvador, fyrst til Gvatemala og síðan til Ekvador, þar sem hún útskrifaðist frá Quito-háskóla og varð fyrsta konan frá El

41 *El Diario de Hoy*, 1. nóvember, 1941.

42 „Mensaje a las mujeres de América“, *Diario Latino*, 29. október, 1942.

43 „Romance de los izalcos“, *Repertorio Americano*, 40 (18), 1943, bls. 278.

44 Ticas 2011, bls. 311.

45 Velásquez 2007, bls. 254.

Salvador til að útskrifast með doktorsgráðu í heimspeki og bókmenntafræði árið 1956.⁴⁶ Auk Matilde Eleni López skipuðu aðrar áberandi konur raðir framúrstefnunnar í El Salvador. Meðlimir þessa nets byltingarsinnaðra menntakvenna voru m.a. María Loucel, Lydia Valiente og Margot O'Connor. Mest áberandi var þó Pilar Bolaños (1923–1961), en bókmenntaarfleifð hennar mótaðist af baráttu fyrir róttækum félagslegum umbótum með kvenlegt og femínískt sjónarhorn. Herská og ljóðræn skrif hennar ögruðu hefðbundnum kynjaviðmiðum og hvöttu til virkrar þátttöku kvenna í stéttabaráttu og við endurskipulagningu samfélagsins. Hugmyndafræði hennar birtist t.d. í ljóðinu „Öll tilvera mín“ („*Todo mi ser*“), þar sem ljóðmælendur hennar, konur, mæður, bændur og verkamenn, eru holdgervingar friðsamlegs samfélags. Athyglisvert er að hér og í mörgum öðrum prósaljóðum sínum býður Bolaños upp á heildrænt og víxlverkandi sjónarhorn. Það tekst henni með því að gefa mörgum hópum rödd og í takt við aðferðir framúrstefnunnar, náði hún eyrum verkalyðsstétta og frumbyggja jafnt í borgum og dreifbýli. Uppfærð þjóðerniskennd sem heldur uppruna allra íbúa álfunnar á lofti og pan-amerísk viðfangsefni um íbúa sem kúgaðir eru af hefðbundnu og rótgrónu valdakerfi liggur til grundvallar. Sem spegilmynd umræddra viðhorfa vitnar ljóðið „Skilaboð til kvenna í Ameríku“ („*Mensaje a las mujeres de América*“), þar sem kallað er á konur um alla álfu og þær hvattar til að ná tókum á örlögum sínum með því að rekja ættartölu sína og uppgötva fjársjóði frumbyggjaróta sinna. Á sama hátt er í ljóðinu „Ljóð Izalco-fólksins“ („*Romance de los izalcos*“) sett fram samfélagsgagnrýni sem byggð er á heimsmynd frumbyggja þar sem náttúran er manngerð.⁴⁷

Eins og aðrir meðlimir þessara hópa birti Bolaños eingöngu ljóð og stuttar ritgerðir í blöðum og tímaritum í El Salvador þar til hún hrökklaðist í útlegð til Kostaríku árið 1943, eins og raunin varð með fleiri meðlimi. Þar hélt hún áfram að birta skrif sín, aðallega í

46 Eftir 12 ára útleið í Gvatemala, hélt hún til Ekvador og sneri fyrst til baka til heimalandsins, El Salvador, árið 1957. Velásquez 2007, bls. 255.

Ef einhver þessara kvenna liti við þá mundi ég gera henni greiða. Ég kæmi henni í skilning um að það að vera gift svona gáfudum rithöfundi sé ekkert frábrugðið því að vera einhver Gunna vinnukona. En þó er sá munur á að Gunna vinnukona fær borgað frá húsbónda sínum. Heimsk eiginkonusniftin þarf þvert á móti að ná inn pening fyrir hann líka. Og áður en ég segi þessari ungu konu frá þessu þá sendi ég hana til að þrifa klósettið einu sinni. Þessir karlmenn geta ekki einusinni písað beint, þetta er eilífur subbuskapur. Ef ég hefði vitað í upphafi að þetta yrði svona þá hefði ég aldrei gift honum og lent í þessum erfiðleikum.

Ég gerði þau mistök að giftast honum. Í fyrstu var það fallett augnaráðið og löng augnhárin sem voru eitthvað svo tindrandi og sæt þegar hann talaði um framtíðina og landið og sín prinsipp. *The king can do no wrong*, eins og Englendingar segja. Það er ekki djúpt á ástæðunni. Ég var nefnilega eitt sinn ung kona sem hneigdist til draumóra. Ég var í mastersnámi og lét blekkjast af orðfimi ungs rithöfundar sem hélt fyrirlestur í ráðstefnusál háskólans. Þetta var á þeim tíma þegar verk hans voru að birtast á prenti, þannig var þetta. Einmitt. Mikið rétt. Heimsk kvensniftin sem lítur ekki út fyrir að vita nokkuð í sinn haus lauk mastersprófi í bókmenntum frá vel metnum háskóla sem eitt sinn bauð spennandi rithöfundi að halda fyrirlestur. Mér farnaðist betur en öðrum í mínum árgangi, því að fyrir utan það að klára gráðuna þá eignaðist ég líka gáfaðan eiginmann.

Þegar við vorum nýgift þá hafði ég ekki grun um þessi dapurlegu örlög. Jeminn. Það er eins og ég hefði skoðað í saumana og ekki tekið eftir miða þar sem stóð 'gáfaður en alls ófær um að gera nokkurn hlut'. Ég skal segja af bólförunum. Brúðkaupsnóttin var þannig að ég hefði öll orðið spenntari í kroppnum við það að fara í *túktúk* yfir brú. En skítt með þá fortíð. Það hefur ekkert verið að gerast á þeim vettvangi í mörg ár og ég hef heldur ekki fengið að setjast í neinn túktúk.

Mig langar ekki að rifja upp að eftir að hann kvæntist mér þá hafi hann ekki gefið út eina einustu bók. Ég þori ekki að ræða þetta vegna þess að þá kastar hann því fram að heima eigi hann þessa heimsku eiginkonu sem hugsí bara um fatamarkaðinn. Þess vegna skorti hann alla einbeitingu til að skrifa vönduð verk. Þetta er mér að kenna, mér að kenna, og mér að kenna að hann getur ekki komið frá sér eins og einni sögu. Ég er búin að spyrja hvort hann geti ekki bara slegið saman í bók öllum þessum löngu stöðufærslum á Fésbók. Hann svaraði því til að ekkert forlaganna tæki við því. Ef feillinn liggur ekki hjá bókaforlögnum þá er feillinn í þessu heimsku tailenska samfélagi sem sýnir gáfulegum skrifum hans engan áhuga. Að lokum fer hann svo að finna að þirrandi og heimskri konu sinni (sem náði þó einni námsgráðu fram yfir hann) í staðinn. Þá segi ég bara ekki bofs því annars fer í gang innihaldslaut rifrildi.

Ég hef algjörlega kastað frá mér námsefninu frá mastersárunum. Ég finn enga löngun til að sinna því, hvort sem það er Aristóteles, Kant eða Bentham. Hver er svo sem að velta sér upp úr heimspeikilegu dæmi um bremsulausan bíl þegar heimilisbókhaldið okkar vantar allar hömlur. Áður fyrr hafði ég nóg af öllu og mig langaði að vinna við rannsóknir. Smám saman færðist ég yfir í kaupmennsku. Fyrst var það allslags krúttlegt handverk, svo brauð og kökur sem ég bakaði sjálf, þar á eftir lífræn matvara. Loks hætti ég að eltast við hipsteramarkaðinn og sneri mér að fjörlegum fatnaði sem annars fékkst hvergi hérlendis, eins og Marimekko-merkið. Síðast leiddist ég svo út í ólöglegar eftirlíkingar af alls kyns vörumerkjum, föt sem sneiddu hjá upphafningu og öllum væntingum gáfnahausanna. Það endaði með því að ég leit út eins og heimsk eiginkona sem bar ekkert skynbragð á hvernig menntað fólk var til

fara. Með þessari fatasölu varð ég að því sem maðurinn minn sakar mig um.

Þú getur sagt hvað sem þér dettur í hug, því það er ekkert virðingarvert við þessa vinnu mína. Með þessu tekst kallinum að láta eins og hann sé efnaður. Hann borðar vel og reykir útlenskar rettur. Hann skellir upp myndum af útlensku áfengi með Fésbókarfrásögnum. Hann kaupir allar nýjustu og vinsælustu bækurnar um tailenska sögu og samfélag en svo leggur hann þær bara frá sér. Ég hef aldrei séð hann fletta í neinni þeirra. Hann tekur bara myndir af bókunum með morgunkaffinu, nóg til þess að vinirnir á Fésbók geti dáðst að því hvað ungi rithöfundurinn hafi mikinn áhuga á þjóðmálum.

Ef þú spyrð mig þá get ég sagt þér að það að vera gift þessum gáfumanni er mín mesta ógæfa. En ef þú spyrð af hverju ég skilji ekki við hann, þá hvað? Andskotinn, hvað get ég svo sem gert? Bara það að sjá hann sitja þarna, með ofgróin augnhár og þetta viðkvæma andlit, dýra sígarettu á milli fingranna, og svo segir hann eitthvað um framtíð landsins sem á sér enga stoð. Þetta er sætur draumóramaður sem mér þykir ósköp vænt um. Hann er eins og lítið barn sem ljómar af sakleysi. Hvernig get ég gert honum nokkurn hlut? Hvernig getur hann séð um sig sjálfur, konulaus í þessum stóra heimi? Hann yrði verr á sig kominn en kommúnistarnir sem höfðu flúið lengst inn í myrkasta skóglendi Tailands árið 1976.

Ég er búin að leggja mikið á mig til að sjá um hann í mörg ár. Þetta hefur verið daglegt strit og ég ann honum orðið eins og móðir ann syni sínum og sem óskar sér einskis sjálf. Þess vegna ætla ég að búa áfram með honum. Ég skil ekki við hann heldur sætti mig við að vera heimsk eiginkona ungs rithöfundar. Ég sé um heimili karls sem er hórangari. Þú getur kallað mig hvað sem er. Ég tek því og held áfram að sjá um hann og að sjá fyrir honum. Þetta eru örlög mín, eða bara heimsk sem ég verðskulda, að ég loði svona við hann áfram. Það er ástin sem gerir það að verkum að ég umber að vera áfram heimsk eiginkona hans. Þó þú segir að þetta sé alveg klikkað þá ætla ég ekki að svara neinu, ég segi ekki eitt einasta orð.

Hjörleifur Rafn Jónsson þýddi úr tailensku

Skýringar:

Pálmavöndur eða Pálmaströnd. Á frummálinu er vísað til tímaritsins *Cho-karaket* sem hefur verið einn helsti vettvangur tailenskra smásagna um áratuga skeið. Árlega veitir tímaritið samnefnd verðlaun.

Kaprá-basilíka og hórapa-basilíka eru algengar kryddjurtir í tailenskri matargerð, og það þarf óvenjulega fávisku að þekkja þær ekki í sundur. Dæmið er nokkuð sambærilegt því að senda Íslending út í búð eftir poka af frönskum kartöflum og viðkomandi snúi svo heim með útsæðiskartöflur í staðinn.

Árið 1976. Þessi tilvísun er viðbót þýðanda og er ekki í frumtextanum. Hins vegar vita allir tailenskir lesendur hvað átt er við. Um miðjan áttunda áratuginn var mikill órói í tailensku samfélagi. Árið 1973 leiddu fjölmenn mótmæli til stofnunar lýðræðisstjórnar. Þremur árum síðar var þessi hreyfing brotin á bak aftur með umtalsverðu ofbeldi og kúgun af hálfu hers landsins. Margt ungt fólk flúði borgirnar og gekk til liðs við skæruliðasveitir kommúnistaflokksins í skógum landsins og þeim skæruhernaði lauk ekki fyrr en 1982.

Konur frá Paragvæ hafa orðið Um höfunda tveggja smásagna

Paragvæ er eitt þeirra fjölmörgu landa veraldar sem sjaldan ber á góma á alþjóðavettvangi. Um fátækt landbúnaðarland í sunnanverðri Suður-Ameríku er að ræða. Það er umlukið Brasilíu, Argentínu og Bólívíu, og segja má að það hverfi í skugga atkvæðameiri nágrannalanda. Íbúarnir telja tæpar 8 milljónir og í landinu er þingræði þótt einræðisherrann og herforinginn Alfredo Stroessner, sem réði landinu frá 1954 til 1989, hafi fest í sessi fyrirkomulag sem byggist mjög á því að forsetinn ráði. Höfuðborgin Asunción er miðstöð efnahags-, menningar- og listalífs og opinber tungumál Paragvæ eru spænska og frumbyggjatungumálið gvaraní.¹

Þegar sjónum er beint að bókmenntaarfleifð landsmanna trónir nafn Augustos Roa Bastos (1917–2005) yfir öðrum, enda þekktasti rithöfundur Paragvæa.² Stórvirki hans, sögulega skáldsagan *Yo, el Supremo*, (Ég, hinn mikli), sem út kom árið 1974, beinir sjónum að valdatíð einræðisherrans Josés Gaspar Rodriguez de Francia, eða Dr. Francía – eins og hann var alla jafna kallaður og ríkti á XIX öld (1814–1840). Milli línanna blasir hins vegar við að höfundur beinir sjónum að ofríki, ofbeldi og lýðræðishalla á valdatíð Stroessners. Ofsóknir hans gegn menntamönnum urðu til þess að Roa Bastos dvaldi í útlegð um árabíl, fyrst í Argentínu en síðar í Frakklandi þar sem hann kenndi m.a. indjámálið gvaraní við Toulouse-háskóla. Verk Roas Bastos hafa verið þýdd á fjölda tungumála og fært

1 Til frekari upplýsinga sjá m.a.: <https://www.britannica.com/topic/Guarani-language>. Sótt í maí 2024.

2 Til frekari upplýsinga sjá m.a.: <https://cvc.cervantes.es/actcult/roa/default.htm> og <https://www.britannica.com/biography/Augusto-Roa-Bastos>. Sótt í maí 2024.

honum bókmenntaverðlaun eins og Cervantes-verðlaunin í bókmenntum árið 1989 og Legion d'Honneur-verðlaunin árið 1997.

Í skugga Roas Bastos urðu aðrir rithöfundar lítt sýnilegir og á heimasíðu Menningarmálastofnunar Spánar, Cervantes-stofnunarinnar, segir: „Paragvæskar bókmenntir eru minnst þekktu bókmenntir Rómönsku Ameríku. Frægðarsól fjölmenns hóps rithöfunda og skálda, og verka þeirra, hefur fyrir margra hluta sakir ekki borist yfir landamærin og teygt sig til annarra landa. Stofnunin hefur því komið á laggirnar sérstakri deild sem safnar og dreifir upplýsingum um núlifandi rithöfunda og mikilvægustu bókmenntaverk samtímans.“³ Og þótt meirihluti þeirra sem þar er getið séu karlar er framlagi kvenna til bókmenntasögu Paragvæ einnig gerð ágæt skil því af 110 höfundum er tæplega 40 konum gefið pláss.

Til að bæta um betur ákvað María del Carmen Pompa Quiroz, sem starfaði við Asunción-háskóla og fékk styrk til háskólanáms í Svíþjóð í byrjun aldarinnar, ásamt Evu Löfquist og Patricíu Duarte, að standa að útgáfu safnrits um smásagnaritun kvenna frá Paragvæ. Verkin sem hér hafa verið valin til þýðinga koma úr umræddu safni. Það ber yfirskriftina *Penélope sale de Itaca: Antología de cuentistas paraguayas* og kom út með styrk frá Þróunarsamvinnustofnun Svíþjóðar árið 2005.

Fyrri sagan sem hér birtist í þýðingu Hólmfríðar Gardarsdóttur, prófessors í spænsku við Háskóla Íslands, ber yfirskriftina „Saga dóttur Francía“ (sp. „Romance de la niña Francia“) og er eftir kennarann, blaðamanninn, rit- og leikritahöfundinn Maríu Concepción Leyes (1891–1985).⁴ Concepción var dóttir spænskra innflytjenda og ólst upp í dreifbýli Paragvæ. Sem ung kona dvaldi hún og starfaði í byggðum Gvaraní-indíána og fræðimenn hafa bent á að sú reynsla hafi haft mótandi áhrif á viðhorf hennar og gildismat. Concepción vakti fyrst athygli fyrir greinandi pistla sem hún birti í dagblöðum og tímaritum þar sem hún setti fram óvægna gagnrýni

3 Til frekari upplýsinga sjá: http://www.cervantesvirtual.com/portales/literatura_paraguaya/. Þar segir enn fremur: „Síðan veitir aðgang að umfangsmiklum skráum yfir verk paragvæskra höfunda, sem flokkuð eru eftir efni og „tegundum“, s.s. rannsóknnum, ritgerðum og tímaritum. [...] Safnið veitir einnig aðgang að myndum og myndböndum sem hverfast um sögu og menningu Paragvæ.“ Sótt í maí 2024.

4 Sagan birtist fyrst í bókinni Tunglskinsböðuð áin (sp. *Río lunado*, 1951). Hér fengin úr safnritinu *Penélope sale de Itaca*, ... 2005, bls. 41–48.

á stjórnfyrirkomulag landsins, óréttlætið sem jaðarhópar voru beittir og algeran ósýnileika kvenna. Síðasttalda efnið varð sífellt áleitnara í verkum hennar og Concepción flutti yfir 30 fyrirlestra um stöðu kvenna í samfélaginu á árunum frá 1935 til 1975. Sá síðasti, „Konan í sögu Rómönsku Ameríku“ vakti verðskuldaða athygli á verkum hennar og skrifum um gervalla álfuna.

Segja má að til viðbótar við pólitíska ádeilu hafi leiðarstefin í skrifum Concepción hverfst um skoðun á því hvað einkenndi álfuna og mótaði það að vera „amerískur“. Í vissum skilningi má túlka skrif hennar sem þjóðernisleg, en að sama skapi bera þau keim af því sem kallað hefur verið „indiginismo“ eða „nativismo“ – þ.e. að þau beina sjónum að ábyrgð nýlendufyrirkomulagsins á jaðarsetningu og útskúfun frumbyggja.

Fræðimaðurinn Osvaldo González Real bendir á að verk Concepción tilheyri því sem kalla megi upphafsár bókmenntasögu Paragvæ og að hún beini „sjónum að hefðinni, þeirri sem móti grunnstef þjóðarsálarinnar“.⁵ Í mörgum verka sinna, segir hann, skírskoti hún til fyrri tíma – eins og í sögunni sem hér fylgir á eftir – og samtvinni gjarnan tilvitnanir í trúarheim frumbyggja og tungumál þeirra gvaraní, sem hún talaði og notaði til jafns við spænsku.

Seinni sagan sem hér birtist, einnig í þýðingu Hólmfríðar Garðarsdóttur, ber yfirskriftina „Hnykillinn“ (sp. El ovillo) og er eftir ljóðskáldið og rithöfundinn Renée Ferrer de Arréllaga (f. 1944).⁶ Ferrer hefur verið áberandi í menningarlífi og fræðasamfélagi Paragvæ um áratuga skeið og eftir hana liggur mikill fjöldi ritverka í formi skáld- og smásagna, ljóða, ritgerða og pistla í blöðum og tímaritum.⁷ Um langt árabíl gegndi hún að auki stöðu forstöðumanns málvísindastofnunar Paragvæ. Hún hefur notið velgengni sem rithöfundur og unnið til fjölda viðurkenninga og verðlauna fyrir verk sín.

Meginstef verka Ferrer snýr að stöðu kvenna í samfélagi þar

5 Sama rit, bls. 39.

6 Sagan birtist fyrst í bókinni Söfnuðurinn og aðrar sögur (sp. *La Secta y otros cuentos*). Sjá: http://www.cervantesvirtual.com/obra-visor/la-seca-y-otros-cuentos/html/ff3f5fba-82b1-11df-acc7-002185ce6064_2.html

7 Skáldsaga hennar Rembihnútar þagnarinnar (sp. *Los nudos del silencio*) frá 2003 hefur verið þýdd á ensku, frönsku og ítölsku.

sem hernaðarhyggja og gildismat feðraveldis ræður ríkjum. Í eldri verkum sviptir hún hulunni af afleiðingum átaka og stríða en í þeim síðari ber hún – beint og óbeint – fram spurningar sem ætlað er að afbyggja viðteknar hugmyndir um samfélagsgerð sem byggist á jaðarsetningu og þöggun kvenna. Ekki hvað síst áberandi í fjölradda verkum hennar er áhersla á kvenréttindi sem mannréttindi og gagnrýni hennar á samskipti kynjanna og þeirra ólíku þjóðfélags-
hópa sem byggja Paragvæ.

Saga dóttur Francía¹

Herlúðrablastur rauf kvöldkyrrðina. Í sömu andrá lokuðu konur og karlar hurðum og gluggum. Þau færðu sig í fjarlægustu horn herbergja sinna þar sem þau héldu kyrru fyrir og drógu vart andann.

Húsin virtust hörfa inn undir slúttandi hlíðarnar; lokuð hliðin drógust saman inn í þykka leirsteinsveggina; það heyrðist ekki einu sinni hundgá úr fjarska. Herlúðrablasturinn fjarlægðist við annan enda götunnar; við hinn birtist hokinn reiðmaður í hárauðum stoppuðum hnakk. Sandsléttan og ylur sólarinnar milduðu hófdyn hestsins. Undir breiðu barði flókahatts mannsins sást ekkert annað en hvöss hakan og löng vel greidd flétta. Upphnepptur jakki þrengdi að grönnum líkama hans. Þetta var hinn mikli José Gaspar Rodriguez de Francía herforingi í sínum hefðbundna leiðangri. Þennan eftirmiðdag var förinni heitið til sveitaseturs hans, í Ybyra-héraði, þar sem hann hugðist eyða helginni.

Sveitasetrið blasti brátt við honum í skjóli jasmíntrjáanna og geitatoppa. Hann hafði farið af götuslóðanum og fylgt þröngum stíg, lítt troðnum og yfirvöxnum. Hann þokaðist í gegnum óræktina og kom að ánni þar sem skógurinn iðaði af lífi og sólin baðaði sig í yfirborði hennar. Á vinstri hönd blasti sveitasetrið við. Rauðleitt þakið gnæfði yfir djúp-grænum lit appelsínutrjáanna. Allt í kring óx kjarrið mannhæðarhátt. Foringinn steig af baki og gekk inn í húsið.

Gömul hvíthærð kona tók á móti honum, ljós yfirlitum og með blágræn augu. Þetta var frú Ninfa Canjete, fjarskyld frænka og eina vinkona hans. Francía heilsaði henni af alúð en tortryggni; hann hafði tapað allri samskiptahæfni, þeim eiginleika sem hafði ein-

1 Á frummálinu ber sagan yfirskriftina „Romance de la niña Francía“ og birtist fyrst út í bókinni *Río lunado. Mitos y costumbres del Paraguay* (1998). Hér fengin úr safnritinu *Penélope sale de Itaca: Antología de cuentistas paraguayas*. Asunción: Universidad Nacional de Asunción, 2005, bls. 41 – 48.

kennt hann hvað mest sem ungan mann. Hann settist í leðurklæddan hægindastól og virtist bíða eftir einhverjum.

Tæplega tvítug stúlka birtist stuttu síðar. Stór dökk augun leiftrúðu. Ennið var breitt og hrokkið hárið olli því að hún virtist eftirlíking gamla mannsins. En, hvaðan hafði hún erft fölt yfirbragðið, íturvaxinn líkamann, þessa ákveðni, hreinskilni og glaðværð? Enginn var til frásagnar um það. Það var ráðgáta.

– Sestu niður, stúlka – skipaði foringinn. Hríúft yfirbragð hans hafði mildast ögn.

Samtalið varð vandræðalegt og þagnirnar náðu yfirhöndinni. Ungu stúlkan varð áhyggjufull og hikandi. Augljóslega barðist eitthvað um í brjósti hennar, eitthvað mikilvægt, ópreyjufullt, eitthvað öflugra en virðingin, eða öllu heldur sá gríðarlegi ótti sem þessi maður gat vakið hjá heilli þjóð. En stúlkan var ekki feimin. Hún þekkti vel sínar eigin langanir og hún þráði af ástríðu, af öllum þeim styrk sem hún hafði öðlast í einmanalegri æsku sinni, af eigin rammeik og hugrekki. Hún ávarpaði hann af virðingu en staðfestu.

Hún elskaði ungan mann sem hafði beðið um hönd hennar. Ungi maðurinn þorði hins vegar ekki að kynna sig fyrir foringjanum án þess að vera öruggur um velvild hans. Hann falaðist eftir samþykki sem myndi stuðla að hamingju hennar. Tekinn í andliti og með samanherptar varir virti Francía ófyrirleitni stúlkunnar fyrir sér. Hún eltist aðeins við eigin hamingju. Minningar sóttu á huga hans. Í æsku hafði hann einnig elt ástina án þess þó að uppskera. Hann hafði átt í stuttu leynilegu ástarsambandi sem hafði gert hann að föður. Fært honum hlutverk sem takmarkaðist nú síðari ár einungis við stöðu fjárhaldsmanns yfir stúlkunni sem hann einn vissi hvað hét.

Gat verið að nú reyndi ókunnugur maður að hrifsa frá honum það eina sem eftir lifði af þessu ástarsambandi? Var ætlunin að ögra stöðu hans. Hans sem ekki leyfði hina minnstu lítilsvirðingu við vald sitt? Hann var ekki þekktur fyrir ljúfmennsku og þetta ósvífna stúlkubarn reyndi að snerta hjarta hans. Hann hafði þegar þolað lítilsvirðingu þess að ástríðufullri þrákelkni hans var ekki fullnægt. Þessi dóttir hans vildi eigna sér nákvæmlega það sama og örlögin höfðu tekið frá honum. Hann fann hvernig innri barátta hans

magnaðist. Úr ásjónu hans brann kaldhæðni. Hann var of meðvitaður um vald sitt til þess að andmæla kröftuglega beiðni þessarar aumkunarverðu stúlku, sem frekar en nokkur annar var á hans valdi.

– Hvað heitir biðill þinn? – leyfði hann sér að spyrja, lágrí röddu, eftir nokkra þögn.

– José Antonio Rojas de Aranda – svaraði stúlkan og fölnaði skyndilega. Henni varð alvarleiki málsins ljós.

Don José Gaspar kipaði þunnar varirnar. Þessir Rojas de Aranda-menn voru þekktir fyrir leikni sína við að tæla konur. Fyrir mörgum árum hafði einn þeirra orsakað hið eilífa ójafnvægi milli hans eigin ásta og örlaga. Nú var taflinu snúið við. Hann hafði það í hendi sér að leggja blessun sína yfir hamingju stúlkunnar eða vera valdur að varanlegum missi.

– Hvar hittist þið? – spurði hann og faldi tilfinningar sínar fullkomlega.

– Í Trinidadkirkjunni, á sunnudögum eftir messu – svaraði sú sem gekk ekki undir öðru nafni en ‘stúlkan’.

Af kuldalegri reisu sneri foringinn sér að bestu vinkonu sinni.

– Ninfa – sagði hann skipandi. Stúlkan stígur ekki fæti frammar í kirkjuna. Bannið gildir þar til tíu árum eftir dauða minn. Bæði þú og vinnustúlkurnar – bætti hann við – munið sjá til þess að hún fari ekki út í bakgarðinn nema rétt til þess að fara í gönguferð. Stúlkan skal deyja án þess að sjá aftur heiðan himin yfir höfði sér.

Foringinn horfði í átt að gluggunum sem skreyttir voru jasmínsveigum; á vínviðinn sem þakti þakbrúnina og enn lengra í burtu, á appelsínutrén. Skyndilega birti yfir honum og hann bætti við:

– Á morgun sendi ég varðhund sem þið skulið binda fyrir neðan vínviðinn.

Hann gekk út á veröndina, settist á bak og hvarf inn í trjágróðurinn sem umlukinn var slæðu ljósaskiptanna. Hann skildi óumflýjanlegan harmleik eftir sig. Ógæfu sem leynt og ljóst yrði fylgt eftir eða kæfð í þögn tortrygginnar sem lá í loftinu.

Stúlkan horfði á hann fjarlægjast eins og óvin. Hún gerði sér grein fyrir því að hún gæti ekki lifað án Rojas de Aranda. Hún ásakaði sjálfa sig fyrir að hafa ekki útskýrt það betur, að hafa ekki fylgt því eftir, að hafa ekki sárþænt hann. En slík hegðun var í and-

stöðu við stolt hennar, við skapgerðina sem var jafn ósveigjanleg og föður hennar.

Íbúar sveitasetursins gengu til náða þegar rökkva tók. Varðhundurinn Sultán, þandi skynfærin og beindi athyglinni upp í vindinn. Einungis stúlkan var andvaka. Angistarfull sat hún hreyfingarlaus í þögninni nálægt glugganum.

Þegar leið á nóttina sló hjarta hennar hraðar af óþreyju og tilfinningahita. Hún horfði rannsakandi yfir sveitina, á marglitan matjurtagarðinn í ljósaskiptunum. Það var eins og hún fyndi fyrir nálægð reiðmannsins sem nálgaðist meðfram ánni sem stirndi á í tungsljósinu. Knapinn sótti áhyggjufullur fram. Hann var sveipaður skykkju,² gegnblautur hatturinn rann niður að augabrúnum. Klukkan var ekki orðin tíu þegar hann fór í gegnum skóginn. Þar faldi hann hestinn og fór fótgangandi styttri leiðina, í átt að sveitasetri frú Ninfu.

Í húsinu ríkti yfirþyrmandi þögn. Hinum fágaða skikkjuklædda manni, sem alla jafna hreyfði sig lipurlega og af öryggi, skrikaði fótur á milli appelsínutrjána. Varðhundurinn flaðraði upp um hann. Vonbiðillinn komst upp á gluggasylluna, kastaði hattinum aftur á hnakkann og afhjúpaði andlit sitt. Hann stakk hendinni inn á milli rimlanna og greip um mitti konu sem beið hans í rökkrinu. Vel skapaður og hávaxinn líkami dóttur Francía bar við milli rimlanna.

– Hefur þú borið upp bón okkar? – spurði ungi maðurinn. Í röddu hans mátti greina blíðu.

Stúlkan útskýrði samtalið sitt við foringjann.

– Á morgun koma þeir með annan hund – sagði hún miður sín, eins og í því fælist ógn og endalok þess sem hún þráði heitast.

– Hann verður fljótlega jafn hændur að mér og Sultán – svaraði hann, brosandí. Viljandi eyddi hann áhyggjum sinnar heittelskuðu.

Þegar Rojas de Aranda yfirgaf staðinn og stökk yfir girðingu sveitasetursins, stóðu átta vopnaðir menn í vegi fyrir honum. Þeir tóku hann til fanga og fóru með til borgarinnar. Af örlögum hans hefur ekkert spurst síðan.

Stúlkan hans Francía hafði aldrei kynnst sannri gleði frelsisins. Hún var vön ófrelsinu, rétt eins og konurnar sem umkringdu hana.

2 Visað er til svokallaðra „ponsjóa“ sem frumbyggjar og sveitafólk klæðist.

Flestum dögum eyddi hún í herbergi sínu. Hún sat þar án þess að hitta neinn eða eiga samskipti við nokkurn mann; en næturnar tilheyrðu henni. Hversu oft hafði hún ekki farið á fætur, fært sig nær rimlunum, horft á tunglskinsbaðaða sveitina, ávarpað einsemdina, bölvaði þeim sem hafði umturnað væntingum hennar og grátið þar til birta tók af degi! Langlundargeði hennar var nóg boðið daginn sem henni var tilkynnt að foringinn væri kominn aftur.

– Ég vil ekki hitta hann! – æpti hún af ástriðu, næstum tryllt.
– Ég vil ekki hitta hann! síendurtók hún, dregin gegnum mannlauus herbergin af tveimur þjónustustúlkum.

Örmagna, með froðu í munnvikunum og undarlegt blik í augum, stóð hún frammi fyrir herra Francía.

– Ég hata þig! Þú ert ekki faðir minn! – mótmælti hún hvassri röddu. Háðsglott breiddist yfir andlit hennar eins og átakanleg gríma vitfirringar.

Frú Ninfa horfði á hana skelfingu lostin. Hún undraðist að stúlkun hefði ekki hnigið niður eða fallið í ómegin yfir eigin orðum.

Foringinn sneri ekki aftur í gegnum kjarri vaxinn stíginn. Hann gleymdi ekki heldur þessari heiftúðugu yfirlýsingu. Hann gaf skipun um að eftir dauða sinn skyldi skipta upphæð óinnleystra launa sinna á milli hermanna og hann gaf vinnukonunum sem þjónuðu honum Ybyrar-sveitasetrið. Gagnvart umheiminum lét hann sem föðurhlutverk sitt væri ekki til. Í einrúmi, hafði hann ef til vill mælt til þess við þjónustustúlkurnar að þær hugsuðu um stúlkuna.

Þegar frú Ninfa var látin, fluttu vinnukonurnar tvær sem erfðu einræðisherrann til borgarinnar með stúlkuna. Konurnar skiptust á að vinna á heimilum háttsettra fjölskyldna og selja heimagerðan mat. Slúðrið um dularfullu konuna sem bjó með þeim sló þær aldr-ei út af laginu. Þegar þær voru spurðar breiddu þær yfir körfurnar með varningnum og drógu sig í hlé, dular og óframfærnar, eins og þær væru eltar af draugum.

Þær bjuggu við Palma-götu, þremur húsaröðum frá kirkjunni, í húsi sem nú hýsir bókabúð. Í gegnum rimlaop á efri hluta hurðarinnar tóku vegfarendur á leið til morgunmessu eftir sorgmæddri konu með úfið hár og breitt enni. Úr brostnum augum sínum virti hún vegfarendur fyrir sér. Hún grandskoðaði andlit þeirra. Augnaráð hennar fylgdi eftir skuggum þeirra sem flýttu sér hjá. Hún virtist

þjást af ólæknandi söknuði og því að hafa eitt nóttinni í leit að skugga þess sem sundraði fortíð hennar. Hún virtist úrvinda af því að hafa leitað svo lengi og árangurslaust.

Enginn bar kennsl á hana sem dóttur Francía. Í árunna rás höfðu örlögin af nákvæmri og hæglátri grimmd lagt ástríðufullt og ákaft eðlisfar hennar að velli. Í staðinn höfðu þau magnað upp einþykkni hennar og gremju, afleiðingar niðurlægjandi gæslu tveggja vinnukvenna sem sjálfar höfðu ekki upplifað æskuna, né heldur gleymt ótta fyrri tíma. Þær lifðu sem andsetnar af torskilinni þráhyggju tryggðar.

Í tilbreytingarleysi einangrunarinnar og innantómri hringiðu tilfinninganna lauk miskunnarlausu gæsluvarðhaldi vinnukvennanna tveggja með því að baráttuvilji stúlkunnar var brotinn á bak aftur. Hún varð eins meðfærileg og sterkjan sem ætluð var til framleiðslu á *chipá* korn-bollum.

Hún þekkti enga fyrir utan luktar dyrnar. Hún átti ekkert sem hún gat notað til að heilla eða múta vörðunum með. Umheimurinn vissi ekki hver hún var. Hvern átti hún að grátbiðja? Aðeins í hennar eigin hugarfylgsni brá fyrir mynd þess sem eitt sinn hafði heillað hana. Þess sem hefði getað gert kraftaverk í lífi hennar, þess sem hún missti án þess að hafa fengið. Auk þess var hinn mikli einnig horfinn,³ sá sem að minnsta kosti hefði stuðlað að tilbreytingu með því að bregðast við andspyrnu hennar. Þegar öllu var á botninn hvolft, hvert gat hún beint mótþróa sínum? Einmanaleikinn og arfleifð föðursins höfðu þegar ráðið örlögum hennar.

Þennan tiltekna morgun baðaði sólin yfirborð árinna. Glæðværdin sem lá í loftinu nægði til þess að ungu stúlkurnar sem komu út úr kirkjunni brostu ósjálfrátt. Á degi sem þessum, þegar dóttir Francía hefði viljað ganga um götur Asunción-borgar, báru fjórir hermenn jarðneskar leifar hennar til hinstu hvílu. Fyrir aftan þá gengu vinnukonurnar tvær, með andlitin hulin klútum sem þær notuðu einnig sem slæður, árvökular, eins og þær væru enn hissa á fjarveru einvaldsins.

Hólmfríður Garðarsdóttir þýddi úr spænsku

3 Concepción notar hér hugtakið „el supremo“, hinn mikli, voldugi, máttugi, öflug.

Hnykillinn¹

*Bókmenntir eru undirstaða tilveru minnar.
Þær hafa skilyrt tengsl mín við umbeiminn,
við annað fólk og mig sjálfa.
Ég get ekki ímyndað mér líf án bókmenna.²*

Í skini birtunnar sem barst inn um gluggann stóð ruggustóllinn. Hún skynjaði áhyggjurnar í orðunum sem féllu í kjölfar þess að útidyrnar lokuðust og fótatak dóttur hennar nálgaðist.

– Hvað er að móður minni, lækni?

– Elliglöp, ungfrú.

Hún lagði við hlustir og fylgdist með samræðum hinna í stofunni um leið og hún ruggaði sér taktfast í stólnum. Fingur hennar handléku ullina af nákvæmni. Hún brá öðrum þrjóninum, vafði lykkju upp á hann, felldi hana, færði þrjóninn og endurtók þetta aftur og aftur og aftur.

Fyrir þó nokkru höfðu ský umvafið augasteina hennar. Þau birtust sem köngulóarvefur og gerðu augnaráð hennar fjarrænt. Mánudum saman hafði hún ekki sagt eitt einasta orð, sat bara með þetta skinhelga bros á samanherptum vörunum. Síðan þá hafði hún ekki hætt að rugga sér í stólnum, ekki einu sinni þegar öll ljósin í húsinu höfðu verið slökkt. Hún hætti heldur ekki að þrjóna þessa sérstöku peysu, nema þegar hún virtist líða út af án þess að gera sér grein fyrir því. Í eigin hugarheimi aðskilja fingur hennar þennan mjúka, klístraða, fínofna köngulóarvef líkt og um sundtök í sæ minninga væri að ræða. Hún þrjóskast við í þögninni; streittist á móti því að

1 Á frummálinu ber sagan yfirskriftina „El ovillo“ og birtist fyrst í bókinni *La secta y otros cuentos* (2000). Hér fengin úr safnrítinu *Penélope sale de Itaca: Antología de cuentistas paraguayos*. Asunción: Universidad Nacional de Asunción, 2005, bls. 69–75.

2 Ferrer, Renée. Sama rit, bls. 66.

vera komið í rúmið. Þau urðu að leyfa henni að vera í stólnum, koma fyrir kodda við höfuð hennar, fara með hana á baðherbergið þegar þess þurfti og færa henni mat.

Í þöglum hugarfylgsnum hennar flögruðu orð dætra hennar úr öllum áttum.

– Þetta er algjörlega ótímabært, lækni. Fyrir einungis nokkrum mánuðum var hún alheil.

– Það finnst ekki alltaf skýring á öllum hlutum. Læknisfræðilega er ekkert hægt að gera fyrir frú Melínu.

– En hún talar ekki við okkur. Brosir bara. Neitar að matast. Hún ruggar sér og ruggar viðstöðulaust. Ýtir sér með öðrum fætinum og þrjónar þessa peysu. Gerðu eitthvað, lækni. Ég get ekki horft upp á hana svona.

Gerðu eitthvað, lækni. Ég get ekki horft upp á hana svona. Gerðu eitthvað, lækni. Ég get ekki ... endurtók hún í sífellu. Frú Melína sló taktinn á gólfinu með því að rugga stólnum. Látið mig afskiptalaus. Hún hverfur á vit minninganna.

Mamma, hvar er stílabókin mín? Mamma, mér finnst maturinn vondur. Mamma, ég kem seint heim. Þessi kjóll er forljótur. Hún er að toga í hárið á mér. Hún sagði að ég væri fífl. Nú er nóg komið! Sjáið þið ekki að pabbi ykkar er að koma? Verið þið rólegar. Ég reyndi alltaf að láta þær hegða sér eins og allt væri í lagi.

– Hvers vegna ætli mamma brosi bara?

– Ég skil það ekki.

– Hún virðist ekki leið, bara fálát.

Hvernig ættu þær að skilja. Þær höfðu jú ekki lifað lífinu til fulls. Þær vissu ekki á þeim tíma hvað var viðeigandi í svona kringumstæðum. Jafnvel þegar aðstæðurnar voru kæfandi. Melína, helltu upp á kaffi handa mér. Melína, kaffið er kalt. Melína, inniskórnir. Hlutirnir eru aldrei settir á sinn stað. Melína, það vantar tölu á peysuna. Melína, þú hugsar aldrei fyrir neinu. Ekki smáatriðunum. Ég gleymdi mér alltaf svolítið í smáatriðunum. Öðrum hlutum sinni ég samt sem áður. Þau notuðu mig til hvers sem var og ég leyfði þeim það. Mamma, reimaðu skóna mína. Mamma, gefðu mér mjólk. Mamma, hjálpaðu mér með heimalær-dóminn. Þú ofdekrar hann, Melína. Hann er eini sonurinn. Þú ættir að koma fram við hann eins og karlmann. Þú breytir honum í tepru meðal allra þess-

ara kvenna. Það var eins og hún hefði vitað að brátt myndi hún missa hann. Upp frá því voru það bara stelpurnar og ég, auk léttisins við að gráta í einrúmi. Melina sísnöktandi yfir því sem engin lækning finnst við, því sem er ólæknandi. Sonur þinn er dáiinn og lífið heldur áfram. Og lífið hélt áfram en fótatak hans hafði hljóðnað. Melina. Melina. Melina. Hvernig gastu gleymt að kaupa tannstöngla? Ég gleymdi alltaf að kaupa tannstöngla.

Upptrekktar raddir dætranna hrifsuðu hana aftur til veruleikans.

– Ég man nóttina þegar mamma varð svona.

– Það var hrikalegt.

– Síðan þá talar hún ekki við okkur.

– En hún brosir.

– Já, hún brosir, sama vonleysislega brosinu. Það er eins og hún hafi sett upp grímu.

– Og þrjónar og þrjónar þessa undarlegu peysu.

Inn um hálfopinn gluggann smaug ilmur blágresisins sem hundurinn hafði rótað upp, dauf angan af blautu grasi og rökkri. Fíngerð bómullarskyrta frú Melinu bærðist líkt og segl við rólegan andardrátt hennar. Hjónabandið er löng orrusta gegn fjötrum vanans, barátta tveggja líkama þar til dauðinn aðskilur þá. Augnablikin rekast á, fléttast saman, jafnt þau góðu sem slæmu.

Komdu hérna, Melina. Sestu hérna hjá mér. Þú veitir mér aldrei félagsskap. Alltaf upptekin við að sinna stelpunum. Og þegar maður unír sér hvíldar fer allt í háalof og maður bregst til varnar. Köngulóarvefirnir! Melina, af hverju líturðu ekki stundum til lofts og fjarlægir köngulóarvefina. Er ég sá eini sem tek eftir því sem betur má fara á þessu heimili? Köngulærnar, þessir ógeðfelldu óvinir kvenna. Þær koma meiru í verk en hvaða kona sem er. Þær vefa og spinna á meðan ... Melina. Melina. Melina. Hvers vegna græturðu, Melina? Dagarnir lengjast líkt og klístraðir sleftaumar. Dauf birtan frá kveiknum magnar upp myrkrið.

Melina, farðu úr náttkjólum, þannig var samkomulagið.

– Það er undarlegt hvernig mamma horfir út yfir garðinn, á friðsælt útsýnið, og þrjónar minningar sínar burt.

– Manstu hvernig hún dreifði geitatoppum um húsið? Ilmurinn var kæfandi þegar við gengum inn.

– Hún var vön að syngja þegar hún var ánægð.

– Hún var alltaf ánægð.

Frá mínum bæjardyrum séð var ég alltaf upptekin. Frá morgni til kvölds hafði ég nóg fyrir stafni. Ég var upptekin við verkin, sífellt á þönum, ég snerist í takt við óskir þeirra, eins og ekkert væri, alltaf upptekin. Melina, gleymdu þér ekki við innkaupin. Melina, kraginn er krumpaður. Melina, lagaðu þessa óreiðu. Melina. Melina. Gleymdu þér ekki. Ég kom svo mörgu í verk að þau tóku einungis eftir því sem ég gleymdi.

Því sem ég gleymdi. Því sem ég gleymdi. Þeim sem maður gleymir. Frú Melina hélt áfram að rugga sér varlega með öðrum fæti. Og stúlkurnar uxu úr grasi. Þegar Pancho missti vinnuna urðu fjárráðin af skornum skammti. Kröfurnar urðu að sama skapi meiri. Mamma, kaupu kjól handa mér fyrir afmælið hennar Rositu. Líka handa mér, mamma, vertu nú góð. Melina, þú eyðir allt of miklum peningum í heimilisreksturinn. Málið er einfalt. Þú verður að ráðstafa fénu rétt. Þegar stúlkurnar urðu gjafvaxta þurfti hún að halda þeim heima við. Melina, hvar eru dætur þínar? Ég hef sagt þér þúsund sinnum að ég vil ekki að þær komi seint. Og þær réðust á mig eins og ódir hundar þegar ég sagði eitthvað við þær. Þið treystið okkur ekki, þið ímyndið ykkur alltaf að við munum gera eitthvað slæmt. Sérstaklega sú elsta, sem hafði sterkar skoðanir. Ertu aftur að snuðra í dótinu mínu, mamma? Ef ég vil gera eitthvað þá spyr ég þig ekki leyfis fyrst. Þið eldra fólkið vitið ekki neitt. Þú getur sjálfri þér um kennt, Melina. Þú ert drusla. Þér er ekki sýnd virðing. Þú kannt ekki að sjá um dætur þínar. Og hvernig ættir þú að kunna það. Þú sem svafst ekki hjá mér þegar ég vildi? Ef eitthvað kemur fyrir þær þá lem ég þig. Þær taka ekkert mark á mér. Enginn ber virðingu fyrir mér.

Samtalið barst úr stofunni sem daufur niður.

– Af hverju hættir mamma ekki að þrjóna?

– Þannig styttir hún sér stundir.

– En hún gæti gert eitthvað annað eða þrjónað eitthvað af viti.

Þessi peysa er fáránleg.

– Læknirinn segir að hún geti staðið upp.

– En hún vill það ekki.

– Það er erfitt að horfa upp á hana starandi svona út í garðinn.

Stara út í garðinn, gleyma sér í garðinum. Að skynja vantraustið

líkt og brennimerki á bakhlutanum. Hvaðan ertu að koma, Melina? Hvert ertu að fara, Melina? Ekki segja mér að þú ætlir að leggja þig ... Ég vil ekki að konan mín gangi um göturnar eins og ein *þeirra*. Þú átt að vera heima með dætrum þínum. Hver horfir á þig, Melina? Á hvern horfir þú, Melina? Það ergir mig að þú gangir um og blaðrir. Bara svo að þú vitir. Fyrirgefðu mér, Melina. Ekki segja stelpunum að ég sló þig. En ég horfði ekki á neinn, augu mín horfðu aldrei djúpt í augu annarra. Ég hræddist frelsið. Nú er ég frjáls. Ég vil ekki að þau heyri í mér, né heldur að þau noti mig, eða misnoti. Þú segir mér ekki hvenær ég má fara. Ég er húsbóndi á þessu heimili. Ég fer þegar ég vil og kem aftur þegar mér sýnist. Ég kæri mig ekki um fáránlegar og heimskulegar erjur vegna afbrýðisemi. Og ef þér þóknast það ekki þá veistu hvað þér ber að gera; þarna eru dyrnar og vertu sæl.

Vertu sæl, vertu sæl, verið þið sæl öll þessi glötuðu ár. Hún sá hann enn fyrir sér með krepptan hnefann þegar hann hótaði þessu.

Frú Melínu miðaði vel með peysuna síðan nóttina sem hún hóf að rugga sér í stólnum. Upp frá því færðu dæturnar henni blóm inn á herbergið alla morgna og gleymdu aldrei að koma með ullargarn handa henni. Enn heyrði hún þær tala saman lágum rómi.

– En hvað kom í rauninni fyrir mömmu? Það var nóttina sem hún gaf okkur köttinn og sat og þrjónaði fyrir framan sjónvarpið.

– Já, allt í einu varð hún róleg og starði á hvernig dýrið lék sér að ullarhnyklinum. Hún galopnaði augun líkt og hún skildi allt í einu eitthvað. Hún fylgdi hnyklinum með óttablöndnu augnaráði – svo virtist sem hún væri að tala við hann. Kötturinn sótti hann, velti honum út um allt og flækti ullina með mjúkum loppum sínum. Þetta var miðlungsstór, mjúkur hnykill sem hann lék sér að. Munið þið?

– Já. Hún var að þrjóna peysu handa einhverri okkar og kötturinn sló eign sinni á hnykilinn. Hann togaði hnykilinn hingað, fór með hann þangað og rakti ullargarnið ýmist upp eða reyrdi fast.

– Við hlógum.

– Við hlógum öll. Og hún gaf frá sér óp. Hún varð stjórf og starði á köttinn á meðan hún hljóðaði. Hnykillinn þeyttist út og suður; frá einum vegg til annars, frá einum stól til annars, og óp-

unum linnti ekki. Við vorum hræddar um að hún geispaði golunni æpandi.

– Núna er hún ekki hrædd við köttinn. Hún strýkur honum með fætinum af og til, án þess að missa taktinn þegar hún ruggar sér. Hún horfir blíðlega á hann. Það minnir mig á hvernig hún horfði á okkur þegar við vorum unglingar.

– Og hún þrjónaði og þrjónaði þessa undarlegu peysu.

– Það er eins og hún hafi horfið.

Eins og hún hafi horfið. Eins og hún væri farin. Inn um gluggann barst angan af taumlausum sætleika bleiku lárviðartrjáanna í garðinum og herbergið fylltist af ódáinsilmi. Frú Melina brosti á meðan hún hélt áfram að þrjóna peysuna sem var ekki handa neinum. Hún hafði þegar lokið við bolinn og var byrjuð á ermunum. Peysan var í röngum hlutföllum, tröllaukin og afkáraleg. Ermarnar voru svo langar að þær náðu niður á gólf. Já, með langar ermar, mjög langar, til að faðma þau öll, faðma þau öll, til að faðma þau öll.

Þegar raddirnar dóu út, hélt frú Melina áfram að rugga minningum sínum í stólnum.

Hólmfríður Garðarsdóttir þýddi úr spænsku

Höfundar, þýðendur og ritstjórar

Ásdís R. Magnúsdóttir (f. 1964) lauk doktorsprófi í frönskum bókmenntum miðalda og endurreisnar frá Háskólanum í Grenoble 3 (Stendhal). Hún er prófessor í frönsku máli og bókmenntum við Háskóla Íslands.

Netfang: *asdism@hi.is*.

Geir Þ. Þórarinsson (f. 1978) er aðjunkt í klassískum málum við Háskóla Íslands. Hann lauk MA-prófi í klassískum fræðum og heimspeki fornaldar frá Princeton-háskóla í Bandaríkjunum.

Netfang: *gtt@hi.is*.

Guðrún Kristinsdóttir-Urfalino (f. 1968) er nýdoktor við Háskóla Íslands. Hún lauk MA-prófi í frönskum fræðum frá Háskóla Íslands og doktorsprófi í frönskum fræðum við Háskóla Íslands og Sorbonne Nouvelle-háskólann í París.

Netfang: *guk45@hi.is*.

Hjörleifur Rafn Jónsson (f. 1961) lauk doktorsprófi frá Cornell-háskóla og er prófessor í mannfraði við Ríkisháskóla Arizona (Arizona State University) í Bandaríkjunum.

Netfang: *hjonsson@asu.edu*.

Hólmfríður Garðarsdóttir (f. 1957) lauk doktorsprófi í spænsku, með áherslu á bókmenntir Rómönsku Ameríku, frá Texas-háskóla í Austin árið 2001. Hún er prófessor í spænsku við Háskóla Íslands.

Netfang: *holmfr@hi.is*.

Ingibjörg Ágústsdóttir (f. 1970) lauk doktorsprófi í skoskum bókmenntum frá Háskólanum í Glasgow og er dósent í breskum bókmenntum við Háskóla Íslands.

Netfang: *ingibjoa@hi.is*.

Jacob Ølgaard Nyboe (f. 1980) lauk cand. mag.-prófi í dönskum bókmenntum frá Háskólanum í Kaupmannahöfn árið 2008 og doktorsprófi í dönskum bókmenntum frá sama skóla árið 2017. Hann er lektor í dönsku við Háskóla Íslands.

Netfang: *jacobon@hi.is*.

Jidanan Luangphiansamut (f. 1992) stundaði háskólanám í Chiangmai og Bangkok og lauk BA-prófi í rússnesku. Hún hefur unnið fjölda verðlauna fyrir smásögur sínar en hefur einnig gefið út skáldsögur og unglingsbækur.

María Concepción Leyes de Chaves (1891–1985) var paragvæskur blaðamaður og rithöfundur. Hún hlaut margvíslegar viðurkenningar fyrir verk sín.

Marion Lerner (f. 1968) lauk doktorsprófi í norrænum fræðum frá Humboldt-háskóla í Berlín, MA-prófi í menningarfræði frá sama háskóla og MA-prófi í þýðingafræði frá Háskóla Íslands. Hún er dósent í þýðingafræði við Háskóla Íslands.

Netfang: *marion@hi.is*.

Renée Ferrer de Arréllaga (f. 1944) er paragvæskur málvísindamaður, rithöfundur og ljóðskáld. Hún hefur unnið fjölda verðlauna og viðurkenninga fyrir skrif sín.

Þórhildur Oddsdóttir (f. 1953) lauk MA-prófi í dönsku með áherslu á kennslufræði tungumála frá Háskóla Íslands og er fv. aðjunkt í dönsku við sama skóla.

Netfang: *thorbild@hi.is*.